

Skuldum marga milljarða í sektir

DÓMSMÁL Illa gengur að innheimta sektir hér á landi sem einstaklingar hafa verið dæmdir til að greiða. Því hærri sem upphæðin er, því verr gengur að innheimta.

Sektir sem komnar eru í vanskil nema 3,2 milljörðum króna. Illa gengur að innheimta sektirnar.

Sé sektin yfir átta milljónir er innheimtuhlutfallið aðeins 5% en 25-35% fyrir smærri sektir. Þetta kemur fram í fjármálaáætlun ríkisins.

Vinnuhópur er starfandi til að skoða skilvirkari innheimtuúrræði og á að skila tillögum að breytingum. —bb

Taldi bréfin í Kaupþingi undirverðlögð

VIÐSKIPTI Bandaríski vogunarsjóðurinn Taconic Capital, sem keypti megnið af sex prósentu hlut Seðlabankans í Kaupþingi í nóvember í fyrra fyrir samtals 19 milljarða, hafði fáum vikum áður lýst því opinberlega yfir að hann teldi bréf Kaupþings talsvert undirverðlögð í viðskiptum á eftirmarkaði. Seðlabankinn varð af 4 til 6 milljörðum þegar bréf Kaupþings hækkuðu í virði tveimur mánuðum síðar um liðlega 30 prósent eftir að Deutsche Bank samþykkti að ljúka ágreiningsmáli við Kaupþing með 50 milljarða eingreiðslu.

Við ákvörðun um að selja í Kaupþingi undir lok síðasta árs horfði Seðlabankinn meðal annars til þess, samkvæmt heimildum Markaðarins, að hann taldi óheppilegt að vera hluthafi í Kaupþingi samhliða sölu félagsins á hlut í Arion banka. Með því að losa um allan hlut sinn væri ekki hægt að halda því fram að stjórnvöld hefðu í reynd óbeina aðkomu að sölufarli Arion banka.

—hae / sjá Markaðinn

19

milljarða fékk Seðlabankinn fyrir hlut sinn í Kaupþingi.



Ung stúlka fær aðhlyningu á sjúkrahúsi eftir að hafa komist í tæri við saringas sem sýrlenskir stjórnarhermenn eru sagðir hafa varpað á bæinn Khan Sheikhoun í gær. Hún komast lífs af en minnst 58 létust, þar af ellefu börn. Þetta er mannskædasta efnavopnaárásin í Sýrlandi síðan í ágúst 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Öryggisráðið fundar vegna efnáárásar

SÝRLAND Öll spjót beinast að Bashar al-Assad, forseta Sýrlands, eftir að efnavopnum var beitt gegn almennum borgurum í smábæ í landinu í gær. Grunur leikur á að sprengjum hafi sérstaklega verið varpað á spítala í bænum.

Bandaríkin, Frakkland og Bretland eru í hópi þjóða sem fordæmt hafa árásina. Benda þau fingri sínum á stjórnarherinn. Yfirmenn hersins segja hins vegar að uppreisnarmenn hafi verið að verki.

Sameinuðu þjóðirnar hafa gefið út að atvikið verði rannsakað sem mögulegur stríðsglæpur og boðað hefur verið til neyðarfundar í Öryggisráði SP í dag. Talið er víst að Rússar og Kínverjar beiti neitunarvaldi. —jóe / sjá síðu 10

Í dag er Fréttablaðið

SKOÐUN Kári Stefánsson skrifar Bjarna Benediktssyni. **13**

LÍFID Ari Jónsson segist hafa verið rekinn úr Leikhópnum. **30**

MENNING Sögustundir og myndagrúsk í Norræna húsinu. **22**

PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlökunnn Gallup apríl-júní 2015

Er kominn tími á ný dekk?



Pantaðu tíma fyrir dekkjaskiptin á N1.is

N1

Segir erfitt fyrir FME að koma í veg fyrir aðra lundafléttu

Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, telur að við söluna á Arion geti reynst erfitt að verjast baksamkomulagi sem er vel skipulagt og falið líkt og við söluna á Búnaðarbankanum. Núverandi forstjóri segir FME betur í stakk búið en þá. Lilja Alfreðsdóttir vill skýringar á virku eignarhaldi Arion.

EFNAHAGSMÁL Erfitt getur reynst að verjast skipulögðum og einbeittum vilja til að beita blekkingum. Þetta segir Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins (FME), aðspurður hvort flétta á borð við þá sem var spunnin í tengslum við söluna á Búnaðarbankanum gæti endurtekið sig í Arion banka, þar sem hópur vogunarsjóða fer nú með stóran hlut.

Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra hefur sagt nauðsynlegt að

fá nánari upplýsingar um hverjir standi að baki kaupum á 30 prósentu hlut í Arion banka. Nú spyrri sig allir hvort þarna sé einhver lundaflétta í gangi. Þingmenn hafa einnig lýst yfir áhyggjum og kallað eftir frekari upplýsingum um nýja eigendur Arion banka.

„Ef það er eitthvert baksamkomulag sem er vel skipulagt og falið, þá er mjög erfitt að finna út úr því nema menn detti niður á einhverjar upplýsingar. Það kemur þó venju-

lega ekki upp fyrir en einhverju síðar þegar eitthvað gerist,“ segir Jónas Fr.

Unnur Gunnarsdóttir, núverandi forstjóri FME, segir eftirlitið betur í stakk búið nú að bregðast við blekkingum eins og þeim sem stundaðar voru í Lundafléttunni svokölluðu þegar Búnaðarbankinn var seldur.

„Við erum reynslunni ríkari nú en fyrir fjórtán árum,“ segir Unnur.

Á meðal þeirra þingmanna sem fylgjast grannt með gangi mála er Lilja Alfreðsdóttir. Í samtali við

Fréttablaðið segist hún hugsi yfir svörum FME um að Vogunarsjóðirnir þrjár fari ekki með virkan eignarhlut. Það er byggt á því að hver og einn á minna en 10% í bankanum. FME segir þar að auki að sjóðirnir hafi ekki haft með sér formlegt samstarf við kaupin, en slíkt samstarf myndi þýða að eignarhluturinn væri virkur. „Ég þarf að sjá greininguna hjá Fjármálaeftirlitinu og frekari skýringar til þess að sjá að þetta séu ekki virkir eigendur,“ segir Lilja. —sg / sjá bls. 6




FERMINGARSKRAUT

Finndu okkur á  

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Veður



Ákveðin austanátt með slyddu eða snjókomu, fyrst suðvestan til á landinu. Viða rigning á Suður- og Vesturlandi síðdegis. Heldur hlýnandi. **SJÁ SÍÐU 20**

Jón Steindór leysir Brynjar af

Jón Steindór Valdimarsson, þingmaður Viðreisnar, mun stýra vinnu stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar við að fara yfir skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um einkavæðingu Búnaðarbankans. Þetta var ákveðið á fundi nefndarinnar í gær.

Fréttablaðið hafði áður greint frá því að Svandís Svavarsdóttir teldi óheppilegt að Brynjar Nielsson, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, leiddi vinnu nefndarinnar í þessu máli. Ástæðan er sú að Brynjar var verjandi Bjarka Diego þegar sakamál tengd Kaupþingi voru til rannsóknar hjá Sérstökum saksóknara.

Samkvæmt lögum um rannsóknarnefndir Alþingis á stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd að fjalla um skýrsluna og draga af henni ályktanir, sem geta verið leiðbeiningar til þingsins eða framkvæmdavaldsins um breytta lögjöf eða breytta framkvæmd. – jhh



Jón Steindór Valdimarsson, þingmaður Viðreisnar

Vottun snertir 80% launþega

ALÞINGI Frumvarpi Þorsteins Víglundssonar, félags- og húsnæðismálaráðherra, um jafnlaunavottun var dreift á Alþingi í gær.

Eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum munu fyrirtæki og stofnanir með 25 eða fleiri starfsmenn þurfa að undirgangast ákveðið vottunarferli til að leiða í ljós hvort þar ríki launajafnrétti.

Í greinargerð kemur fram að frumvarpið nær til 1.180 atvinnurekenda og alls um 147 þúsund launamanna sem jafngildir um 80 prósentum þeirra sem virkir eru á vinnumarkaði. – jhh

Finnst fjárveitingin móðgun við samtökin



Forstöðufólk og skjólstæðingar Hugarafis mótmæltu fyrir utan velferðarráðuneytið í gær lágrí fjárveitingu sem samtökunum er ætluð á árinu. Hugarafli fær 1,5 milljónir frá ríkinu á þessu ári og er það mat samtakanna að sú upphæð sé allt of lág. Í tilkynningu frá þeim segir að fjárveitingin sé vanvirðing í garð Hugarafis sem hafi lagt gríðarlega mikið af mörkum til geðheilbrigðiskerfisins undanfarnin fjórtán ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kaupverðið trúnaðarmál

VIÐSKIPTI „Kaupin eru ekki endanlega gengin í gegn þar sem ýmsir eiga forkaupsrétt,“ segir Eyþór Arnalds en hann hefur náð samkomulagi um kaup á rúmlega fjórðungshlut í Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins. Kaupverðið er trúnaðarmál.

Eyþór kaupir 18,43 prósent hlut Samherja, 6,14 prósent af Sildarvinnslunni og 2,05 prósent af Vísi hf. Alls eru það 26,62 prósent Árvakurs. Eyþór segir að hann vonist til að enginn neyti forkaupsréttar síns.

„Að óbreyttu á ég um fjórðungshlut og ef þetta gengur eftir, sem ég vona, mun ég vinna að því að efla Morgunblaðið með þeim sem eru þar fyrir. Ég ætla mér ekki að mæta og segja öðrum fyrir verkum, heldur halda áfram því góða starfi sem þarna hefur verið unnið í samráði við aðra,“ segir Eyþór. – jóe

Hélt að hún myndi deyja í Reykjadal

Nicole Rakowski, 24 ára kona frá í Kanada, fékk annars og þriðja stigs bruna þegar hún steig í sjóðheitan hver í Reykjadal. Hún er þakklát fólkinu sem kom að björgun hennar og segir tímann á Íslandi hafa verið einstakan.

FERÐAMENNSKA Nicole var hér á fimm daga ferðalagi með vinkonum sínum, Calyn Pettit og Megan DeMarco, og slysið varð næstsíðasta daginn þeirra. Hún varð fyrst til að koma sér í sundbolinn í Reykjadal og fór af stað til að bada sig. „Ég hélt að yfirborðið væri hart en svo var ekki og ég sókk upp að hné. Það voru eins og milljón hnífar væru að stinga mig á sama tíma. Ég óskraði af lífs og sálarkröftum að ég væri að brenna. Vinkonur mínar voru fljótur að koma að og drógu mig upp úr. En þetta var lengi að liða.

Ég sat, horfði á fótinn og sá skinnidetta af honum. Sársaukinn var ótrúlegur. Liturinn á löppinni var mjög undarlegur og það leið fljótt yfir mig vegna sársaukans.“

Fólk dreif að en enginn hafði neitt meðferðis til þess að sinna svo alvarlegu brunasári. Fjórir menn, ákváðu að bera hana niður því hún þyrfti að komast strax undir læknishendur. Ekkert símasamband er í Reykjadal og hljóp Calyn á undan til að geta hringt eftir aðstoð.

„Það tók tvo og hálfan tíma frá því að ég brenndist þangað til ég var komin á sjúkrahús í Reykjavík. Einn sem bar mig niður og aðstoðaði á slystað, Lee Ricasa, er sjúkraflutningamaður. Hann er frá Kaliforníu. Ég man ekki mikið eftir ferðinni niður því það var alltaf að liða yfir mig en ég man að ég spurði hann einu sinni með tárbot augun hvort ég væri að deyja. Hann svaraði: Ekki á minni vakt. Þá leið mér betur.“

Nicole frétti síðar að á leiðinni niður hefði íslenskur strákur orðið á vegi þeirra en hann var að æfa sig við björgunarstörf og hafði tal-



Nicole á bakinu á slökkviliðsmanninum Lee Ricasa sem var einn af þeim sem báru hana niður að björgunarsveitunum.

Ég sat, horfði á fótinn og sá skinnidetta af honum. Sársaukinn var ótrúlegur.

Nicole Rakowski ferðalangur

fótinn.

En umönnunin sem ég fékk á Íslandi var stórkostleg. Það voru allir svo góðir og þóssuðu að mér liði sem best. Þau spiluðu meira að segja skemmtileg lög þegar þau voru að kæla fótinn.“

Í samráði við lækna flaug hún aftur heim til Kanada daginn eftir og er í meðferð þar. Hún er nýlega farin að geta gengið á ný, hefur farið í þó nokkrar aðgerðir og er í örmeðferð. Hún vill þó koma aftur. „Það eru nokkrir hlutir sem ég á eftir á Íslandi. En landið er eitt fallegasta land sem ég hef komið til og ég hef ferðast til yfir 70 landa.“

benediktboas@365.is

stöð í sínum förum. Hann kallaði eftir frekari aðstoð. „Ég man þegar ég kom á sjúkrahúsið og lækurinn var að pilla skinnidetta af fætinum að ég bað til Guðs að ég myndi ekki missa

GLEÐILEGA PÁSKA

MARSIPANAR

GLEÐILEGA PÁSKA

GLEÐILEGA PÁSKA

Verði þér að Góu

Vegir liggja til Galaxy S8

Þetta nýjasta undratæki er nú til sýnis
í verslunum Nova, komdu og skoðaðu gripinn.



TÖLUM SAMAN

Ótakmarkaðar mín.
og SMS í alla farsíma og
heimasíma á Íslandi fylgir!

Forsala
á nova.is

Samsung Galaxy S8 64GB

119.990 kr. stgr.

Galaxy S8+ **129.990 kr.** stgr.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

Ólafur sagður hafa þegið háa þóknun

Fyrirverandi stjórnarmaður Samvinnuþrygginga fullyrðir að há þóknun sem greidd var í tengslum við kaup S-hópsins hafi runnið inn á reikning Ólafs Ólafssonar. Félagar í Kaldbaki, sem einnig buðu í Búnaðarbankanum, upplýstu Valgerði Sverrisdóttur um málið.

Snærós
Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



VIÐSKIPTI Þóknunargreiðsla Samvinnuþrygginga, vegna ráðgjafar franska bankans Société Générale við kaupin á Búnaðarbankanum árið 2003, var greidd til félags í eigu Ólafs Ólafssonar. Stjórn Samvinnuþrygginga hafði ekkert fast í hendi um aðkomu bankans að kaupunum. Þetta fullyrðir Benedikt Sigurðarson, fyrirverandi stjórnarmaður í Samvinnuþryggingum, en hann tók sæti í stjórn skömmu eftir að kaupin voru um garð gengin. Eins og fram hefur komið í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis var lengst af gefið í skyn að franskur bankinn tæki þátt í kaupunum en það var dregið til baka um miðjan desember 2002.

Benedikt var stjórnarformaður KEA árið 2002 sem var hluti af Kaldbaki sem gerði tilraun til að kaupa hlut í Búnaðarbankanum en laut í lægra haldi fyrir S-hópnum. Kaupin voru undirrituð 16. janúar 2003 og Benedikt settist í stjórn Samvinnuþrygginga í maí það sama ár. „Við höfðum strax efasemdir um að Société Générale væri yfirhöfuð að taka þátt í bankakaupum á Íslandi. Það er yfirleitt ekki þannig að einhver minniháttar útibússkrifstofa komi fram fyrir hönd stórs banka af þessu tagi til að kaupa banka í öðru ríki,“ segir Benedikt og vísar til þess að fulltrúar Société Générale, Ralf Darpe og Michael Sautter, unnu báðir í útibúi bankans í Frankfurt í Þýskalandi.

Óundirrituð drög að bréfi

„Þegar ég kom svo inn í stjórn spurðist ég sérstaklega fyrir um á grundvelli hvaða gagna hefðu verið teknar ákvarðanir á vettvangi stjórnarinnar. Á þessum sama fundi lá fyrir ársreikningur frá 2002 þar sem var ótrúlega há upphæð í einhverjar þóknunir og ég óskaði sundurliðunar á þeim,“ segir Benedikt.

Fram hefur komið að franskur bankinn hafi fengið 300 milljónir fyrir ráðgjafarstörf sín. Benedikt minnir að hlutur Samvinnuþrygginga hafi verið rúmar 60 milljónir króna. „Ég fékk þá upplýst að þetta væru þóknunir til félags með skrytnu nafni í Lúxemborg. Þegar ég spyr hvers vegna þetta sé ekki greitt til Société Générale fæ ég þau svör að það sé vegna þess að Ólafur Ólafsson hafi verið milligöngumaður og hann hafi tekið við þessari greiðslu.“



Benedikt fullyrðir að Valgerði Sverrisdóttur hafi verið greitt frá málinu en hún hafi sakað hann um að koma vondu orði á Ólaf Ólafsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Benedikt óskaði þá eftir gögnum eða samningi um þjónustu franska bankans við fyrirtækið. „Ég fékk ekkert afrit því bréf franska bankans var eingöngu sýnt á fundinum en ekki varðveitt sem hluti af skjölum Samvinnuþrygginga. Það staðfesti fyrir mér það sem við höldum allan tímann, að þeir voru ekki með nein staðfest samskipti við þennan stórbanka.“ Þetta fær stöð í skýrslu Lagastofnunar Háskóla Íslands um starfsemi Samvinnuþrygginga frá 2009. Þar kemur fram að á fundi fyrirtækisins þann 5. desember 2002 hafi verið lögð fram drög að bréfi frá Société Générale sem væri bæði ódagsett og óundirritað.

Fulltrúar Kaldbaks greindu Valgerði Sverrisdóttur, þá iðnaðar- og viðskiptaráðherra, frá þessu strax og þetta varð ljóst. „Hún skelli á okkur hurðum og sakaði okkur um að við værum að bera sakir á aðra.“

Engin svör frá SG

Ralf Darpe er enn starfsmaður Société Générale. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um kaupin á Búnaðarbankanum er vitnað til þess að hann og Michael Sautter hafi fyrst og fremst verið persónulegir viðskiptafélagar Ólafs Ólafssonar. Í skýrslunni er jafnframt vitnað til þess að bréf hafi borist frá Michael Sautter þar sem fram hafi komið að þeir myndu veita S-hópnum ráðgjöf og kæmu hugsanlega að kaupunum. Þátttaka bankans var þó snarlega dregin til baka 11. desember 2002 og sagði Ralf Darpe þá að ástæður þess væru stjórnmalalegs eðlis og að Société Générale vildi halda stjórnmalum og viðskiptum aðskildum.

Rannsóknarnefnd Alþingis tók einnig skýrslu af Kristjáni Loftsyni, sem tók þátt í S-hópnum, um aðkomu franska bankans. Þar segir: „Ja, þeir hættu þarna í bankanum

Þegar ég spyr hvers vegna þetta sé ekki greitt til Société Générale fæ ég þau svör að það sé vegna þess að Ólafur Ólafsson hafi verið milligöngumaður og hann hafi tekið við þessari greiðslu

Benedikt Sigurðarson, fyrirverandi stjórnarmaður í Samvinnuþryggingum



á eftir. Þeir urðu svo svekktir, allavegana hann Sautter, hann bara hætti.“ Michael Sautter tók síðar sæti í stjórn Búnaðarbankans. Í skýrslu Sigurjóns Árnasonar fyrir

rannsóknarnefnd Alþingis árið 2009 kom fram að Michael Sautter hafi verið nýhættur hjá franska bankanum og farinn að starfa á eigin vegum þegar viðskiptin áttu sér stað.

Rannsóknarnefnd Alþingis reyndi að fá staðfest hvort Michael Sautter hefði starfað fyrir hönd bankans á þeim tíma sem kaupin áttu sér stað en fékk engin svör þess efnis. Í desember 2002 fékk Árni Snævarr, þá fréttamaður á fréttastofu Stöðvar 2, þau svör frá franska bankanum Société Générale að enginn frá höfuðstöðvum bankans hefði umboð til að taka þátt í fjárfestingum í íslenskum banka. Slíkar fjárfestingar yrðu aðeins gerðar á vegum höfuðstöðva bankans. Vert er að taka fram að Fréttablaðið hefur engin svör fengið frá Société Générale um aðkomu bankans að viðskiptunum fyrir fjórtán árum.



Jeep

GRAND CHEROKEE

Eigum Jeep® Grand Cherokee Limited og Overland dísel og bensín til afgreiðslu strax.

Verðlaunaðasti og einn öflugasti jeppi sem framleiddur hefur verið.

Áttu eldri Jeep® Grand Cherokee upp í?

Spjallaðu þá við okkur, því við vitum hvað Jeep® Grand Cherokee er góður í endursölu.

Tökum upp í allar gerðir bíla.

ÍSABAND
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-18



KAUPHLAUP
NÁÐU ÞÍNUM BESTA TÍMA
5.-10. APRÍL

15-50% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM
SKOÐAÐU TILBOÐIN Á SMARALIND.IS



nordanfiskur
Góður kostur - á hvers manns disk!

Yfir 300 vörutegundir fyrir veitingastaði, mötuneyti og fyrir þig!

www.nordanfiskur.is | 430-1700 | pantanir@nordanfiskur.is

L-Mesitran

Náttúruleg sárgræðsla með hunangi

Nánari upplýsingar fást á www.wh.is.



L-Mesitran®



Vörurnar fást í Lyf og heilsu, Lyfjaveri, Apótekanum, Hraunbergspóteki, Lyfsalanum Glæsibæ, Akureyrarapóteki, Apóteki Mos og Apóteki Ólafsvíkur.

**Skemmtanir
Árshátíðir
Grímuböll
Dimmisjón
ofl. & ofl.**

**Ykkar skemmtun....
....okkar fókus**

**HOKUS
POKUS**



www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Allt til kerrusmíða

- Vanræktu ekki viðhaldið -



AL-KO
QUALITY FOR LIFE

DEXTER AXLE

Stál og Stansar ehf.

Vagnhöfði 7 – sími 517 5000

Vilja auka öryggi á strandveiðum

ÖRYGGISMÁL Lögð er til grundvallar-breyting á strandveidikerfinu í lagafrumvarpi sex þingmanna Vinstri grænna. Þar er lögð til breyting sem felur í sér að auka öryggi sjómanna á strandveidibátum með því að binda veiðarnar við tólf veiðidaga innan hvers mánaðar og svæðis.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, er fyrsti flutningsmaður málsins, en þar segir í greinargerð að sá „ágallí hefur verið á gildandi fyrirkomulagi að veiðarnar hafa verið það sem kallað er „ólympískar“ sem birtist í því að sjómenn hafa keppt um að ná þeim afla sem heimilað er á sem skemmstum tíma og áður en aflaheimildin yrði upp urin. Þetta hefur leitt til þess að stundum hafa menn róið á minni bátum þótt ekki viðræði til þess og fylgir því að sjálf-sögðu aukin slyshætta. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til ætti að vera dregið mjög úr hvata til „ólympískrar“ sóknar og þar með slyshættu.“

Í stað þessa fyrirkomulags verði heimilt að stunda veiðar í tólf daga í hverjum mánuði.

Strandveiðar hafa verið stundaðar frá því í júní 2009. Frá árinu



Að meðaltali eru strandveiðar stundaðar á 683 bátum árlega. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

2010 hafa að meðaltali 682 bátar stundað strandveiðar ár hvert. Frá árinu 2011 hafa strandveiðar skilað rúmum frá 7.000 tonnum til 8.555 tonna árið 2016. Segir í frumvarpinu að frá árinu 2011 hafi þorsk-

aflí í strandveiðum því ekki fylgt aukningu heildar afla. Alls 7.968 tonn á tímabilinu vantar þar upp á því árið 2011 var heildarþorskaflí 169.600 tonn en rúm 250.000 tonn í fyrra. – shá

FME telur sig geta upplýst um eigendur

Fyrirverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins telur að skoða þurfi hvort kaupendur að samtals 29 prósent hlut í Arion eigi virkan eignarhlut í bankanum. Þingmaður Framsóknar er hugsi yfir svári FME við fyrirspurn fjármálaráðherra.

EFNAHAGSMÁL „Það eru allir möguleikar fyrir hendi til þess að sýna hverjir endanlegir eigendur eru að baki þessum kaupum. Hluti af okkar vinnu er að skoða, rannsaka, kalla á og fá upplýsingar um það hverjir eru endanlegir eigendur,“ segir Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, um kaup erlendra vogunarsjóða á samtals 29,2 prósent hlut í Arion banka.

Hún telur því öruggt að hægt verði að komast að því hverjir endanlegir eigendur eru að hlut í Arion banka, óski vogunarsjóðirnir eftir að eignast meira en tíu prósent í bankanum og fara þá með virkan eignarhlut.

„Það er meira að segja þannig að sé einhver hindrun í vegi fyrir því, þá er sérstakt lagaákvæði í lögum um fjármálafrirtæki sem segir að upplýsingar ekki um raunverulegan eiganda þá skuli lita þannig á að hann sé ekki hæfur til að vera með virkan eignarhlut,“ segir Unnur.

Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra hefur spurt Fjármálaeftirlitið um þá aðila sem standa að kaupnum á Arion. Hann telur svör Fjármálaeftirlitsins rýr og segir að það hafi valdið sér vonbrigðum. „Ég reyndi að spyrja um allt sem ég taldi skipta máli og það kom fátt nýtt fram. En mér finnst bragurinn

Upplýsingar ekki um raunverulegan eiganda þá skuli lita þannig á að hann sé ekki hæfur til að vera með virkan eignarhlut.

Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins



10%
hlutur flokkast sem virkur eignarhlutur í bankanum

á bréfinu vera þannig að þau séu ekki komin lengra í sínu mati og hugsanlega muni þau meta þetta í framtíðinni,“ segir Benedikt.

Jónas Fr. Jónsson, fyrirverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, telur að það þurfi að skoða hvort sé kominn virkur eignarhlutur hjá vogunar-

sjóðunum með þessum kaupum og núverandi aðkomu þeirra að Kaupþingi og þeirri fyrirætlun sem virðist koma fram í kauprétti að eignast meira í bankanum.

„Ég hef ekki séð nein gögn um þetta, annað en hefur verið í fjölmiðlum, og þetta getur verið svo margþætt. Það er spurning hvort sé hægt að tengja þessa aðila saman. Það er svoltið flóknara, það þarf að hafa að myndast samstarf að lögum með þeim. Þó að allir kaup á sama tíma þýðir það ekki að þeir séu tengdir, en auðvitað þarf FME að meta það.“

Lilja Alfreðsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, er hugsi yfir svári Fjármálaeftirlitsins við fyrirspurn Benedikts. Benedikt spurði meðal annars hvort þau fyrirtæki eða sjóðir sem keyptu hlut í bankanum hefðu haft með sér formlegt samstarf við kaupin. Hafi þau gert það, mætti spyrja hvort ekki væri ástæða til að skoða þau formlega sem eiganda virks eignarhluta. „Ég þarf að sjá greininguna hjá Fjármálaeftirlitinu og frekari skýringar til þess að sjá að þetta séu ekki virkir eigendur,“ segir Lilja Alfreðsdóttir. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hyggst funda um viðskiptin með hlut Arion banka á fundi sínum í dag. saeunn@frettabladid.is

Verslanir fleygja enn hundruðum kílóa

UMHVERFISMÁL Matvöruverslanir landsins hafa í auknum mæli reynt að fyrirbyggja matarsóun. Þó er enn langt í land, en matvöruverslanirnar fleygja hundruðum kílóa á viku. Þetta kemur fram í grein í Neytendablaðinu.

Samkvæmt svörum frá Krónunni nemur lífrænn úrgangur hjá keðjunni 1,5 tonnum á viku, eða 83 tonnum á ári, en fer ört minnkandi vegna átaksins „Minnkum matarsóun“ sem Krónan réðst í. Vöruskil hjá Krónunni til ferskvörubirgja

83

tonn af matvælum fara á ári hverju í lífrænan úrgang.

munu vera undir einu prósent af vörukaupum og af því er meira en helmingur kjúklingur.

Hjá Samkaupum hefur áttátt gegn sóun skilað góðum árangri. Lífrænn úrgangur er um 70 tonn á ári og fer hann til moltugerðar. Matvæli sem

eru að renna út á tíma eru seld með afslætti.

Í verslunum 10-11 eru um 260 kíló af lífrænum úrgangi send til moltugerðar í hverri viku. En vörur sem eru að renna út á tíma eru lækkadar í verði en einnig gefnar til góðgerðarmála ef því verður við komið.

Hagkaup býður afslátt á vörum sem eru að falla á tíma og í bígerð er að gera þessi afsláttarkjör sýnilegri með áberandi merkingum. Lífrænn úrgangur sem fer í moltugerð er um 140 tonn á ári. – sg



NÝR DACIA LOGAN

NÝ OG ENDURBÆTT INNRETTING - BAKKMYNDAVÉL
SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI - GÓÐUR Í ENDURSÖLU



Verð kr.

2.540.000 þús.

573 lítra farangursými (rúmar 4 golfsett langsum)
Eyðsla í blönduðum akstri 3,8 L/100 km*

Hlaðinn staðalbúnaði m.a.: Bakkmyndavél, Íslenskt leiðsögukerfi, 7" LED skjár, bakkskyjjarar, hraðastillir (Cruise control), Bluetooth handfrjáls símabúnaður, útvarp og geislaspilari með USB tengi fyrir MP3 spilara/Ipod, 4 hátalarar, aðgerðahnappar í stýri, sex aðgerða aksturstölvu, útihitamælir, ræsivörn, loftkæling AC, leðurstýri, litaðar rúður, svart slitsterkt „Compass“ tauáklæði, niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á ökumannssæti, ESC stöðugleikastýring, þokuljós að framan o.m.fl.



GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Orkustefnan upp úr skúffunni

ORKUMÁL „Staðreyndin er sú að í raun er ekki til formleg orkustefna fyrir Ísland. Ég tel það bagalegt og mér finnst mikilvægt að stjórnvöld taki af skarið og marki formlega orkustefnu til lengri tíma. Sú vinna er raunar þegar hafin innan míns ráðuneytis,“ sagði Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðgjafi, á ársfundi Landsnets í gær.

Þórdís sagði það jafn mikilvægt að hafa langtímaáætlun á sviði orkumála og annarra mikilvægra málaflokka þar sem slík stefna hefur



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðgjafi

verið mótuð, eins og samgöngumála, ferðamála, sjávarútvegs, heilbrigðismála og menntamála.

„Með orkustefnu gefst okkur tækifæri til að setja í sameiningu fram ákveðna langtímasýn í orkumálum okkar Íslendinga, hvert við

viljum stefna og hvaða áherslur við ætlum að hafa að leiðarljósi,“ sagði ráðgjafi.

Mótun slíkrar stefnu er ekkert nýtt. Árið 2009 lagði forveri Þórdísar, Katrín Júlíusdóttir, fyrir stýrihóp UM mótun heildstæðrar orkustefnu fyrir Ísland. Hún lá fyrir árið 2011.

Þórdís telur að í grunninn ríki almenn samstaða um þau megin-sjónarmið sem koma myndu fram í orkustefnu Íslands. Í grunninn sé um að ræða ákveðið jafnvægi milli efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra þátta. – shá

Nærandi millimál ...er létt mál



Gríptu með þér gríska jógúrt eða kotasælu

Léttmál frá MS eru bragðgóðar nýjungar með hreinum grunni og hollum og stökkum toppi. Grísk jógúrt með döðlum, möndlum og fræjum eða kotasæla með berjum og möndlum.

LÉTTMÁL



Málið hefur verið afar umdeilt um árabíl og kannski síðast vegna umræðunnar um hálandisþjóðgarð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Telja línu yfir hálandið vera vera óþarfa

Innan Orkuveitu Reykjavíkur er háspennulína yfir hálandið talin ónauðsynleg. Styrkja þurfi kerfið milli Norður- og Austurlands, en aðeins innan svæðis. Landsnet telur hálandislínu þarfþing.

ORKUMÁL Innan Orkuveitu Reykjavíkur er það dregið stórlega í efa að leggja þurfi háspennulínu yfir hálandið, eða styrkja byggðalínuna, vegna rafbilavæðingar. Mjög er dregið í efa að leggja þurfi hálandislínu yfirhöfuð, og alveg örugglega ekki í nánustu framtíð.

Þetta kom fram í máli Bjarna Bjarnasonar, forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur, á ársfundi fyrirtækisins á mánudag. Bjarni var þar að fjalla um rafbilavæðingu framtíðarinnar, en gerði að umtalsefni hvernig raforkukerfið er byggt upp í því samhengi.

Hann sagði að styrkja þyrfti raforkukerfið á Norðurlandi og Austurlandi – þar hafi vandi verið mikill lengi við að tengja saman Fljótsdalsstöð [Kárahnjúka] og jarðhitasvæðin fyrir norðan, og hugsanlega Blöndu. Þegar það væri búið væri komið þúsund megavatta kerfi sem væri sterk blanda af jarðgufu og vatnsaflum sem væri æskilegt. Það kerfi myndi fullnægja þörfum þessa víðfeðma svæðis á flestan hátt. Á Suðvesturlandi væri kerfið 2.000 megavött og mjög góð blanda af vatnsaflum og jarðvarma – og flestum ef ekki öllum þörfum svæðisins fullnægt til næstu ára.

„Þetta þýðir að engin þörf er fyrir hálandislínu, vegna rafbílanna, og engin þörf á styrkingu byggðalínu meðfram ströndum heldur. Við drögum líka í efa að hálandislínu sé þörf yfir höfuð á næstu árum. Hugsanlega þegar til lengri tíma er horft, en það er alls ekki komið að því að okkar mati í Orkuveitunni,“ sagði Bjarni og bætti við að ítrekað hefðu verið sendar umsagnir þessa efnis til Orkustofnunar og Landsnets þar sem þessari skoðun hafi verið lýst.

Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets, segir aðspurður um þessa sýn Orkuveitunnar, sem er einn eigandi Landsnets, að hann sé henni ekki fyllilega sammála. Við fengum 200 athugasemdir við kerfisáætlunina sem margar voru

Við erum einfaldlega þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að tengja saman landshlutana og að það sé umhverfisvænsta lausnin.

Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets



jákvæðar. Tveir af viðskiptavinum Landsnets gerðu hins vegar athugasemdir við áform um styrkingu byggðalínunnar: Norðurland og Orkuveita Reykjavíkur, og dótturfyrirtæki hennar.

Guðmundur Ingi segir það skýrt sem kemur fram í kerfisáætluninni hvað verið sé að leggja til; fyrst skuli tengja Norðurland og Austurland, en þetta kom skýrt fram í máli Guðmundar Inga á ársfundi Landsnets í gær.

„Við erum einfaldlega þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að tengja saman landshlutana, og að það sé umhverfisvænsta lausnin. Ef það er ekki gert þá eru tveir ágallar; nýting virkjananna verður áfram ekki nægilega góð. Við erum þá að farna vissum umhverfisgæðum en ekki nýta þau til fulls. Áfram verður orkuséun í kerfinu. Í öðru lagi yrðu öryggismálin ekki nægjanlega góð. Við verðum að geta brugðist við og flutt orku á milli landshluta þegar frávik verða í náttúrunni og náttúruhamfarir. Þetta verður að gera í sátt við markaðinn og fólkið í landinu svo orkan verði samkeppnishæf,“ segir Guðmundur Ingi og bætir við að engin efnisleg rök hafi breytt þessari skoðun Landsnets, en fjárhagsleg rök séu skoðuð alvarlega enda um tugmilljarða fjárfestingar að ræða. svavar@frettabladid.is

FORD FOCUS 5 DYRA

**PÁSKA
SPRENGJA!**



**-500.000 kr.
frá listaverði!**

+ 50% AFSLÁTTUR AF AUKAHLUTUM!

Ford Focus er þekktur fyrir frábæra aksturseginnleika og framúrskarandi gæði. Hann er ríkulega búinn, með fimm stjörnu öryggi, Bluetooth samskiptakerfi, upphitanlegri framrúðu, á hagstæðu verði og er ódýr í rekstri. Þú upplifir akstursgleði í Focus og páskafríð verður gleðin ein.

Tilboðið gildir til og með 12. apríl. Miðað er við Ford Focus Trend Edition sem til eru á lager og afhendast fyrir páska.



Komdu og tryggðu þér glænýjan Ford Focus með 500.000 króna afslætti!

ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Á sjötta tug fórust í efnavopnaárás

Talið er að saringasi hafi verið varpað á íbúa sýrlenska bæjarins Khan Sheikhoun. Sýrlenski herinn neitar því að hafa beitt efnavopnum. Stjórnarandstaðan fer fram á tafarlausa rannsókn öryggisráðs SP.

SÝRLAND Að minnsta kosti 58 fórust í árás á sýrlenska bæinn Khan Sheikhoun í gær, þar af ellefu börn. Bærin sem um ræðir er undir stjórn uppreisnarmanna.

Samtökin Syrian Observatory for Human Rights, sem fylgjast með átökunum þar í landi, lýstu því yfir í gær að annaðhvort sýrlenski herinn eða rússneski flugherinn hefði varpað sprengjum á bæinn. Miðað við áverka fórnarlamba telja samtökin að um efnavopnaárás hafi verið að ræða.

Þannig hafa samtökin eftir læknum á svæðinu að liðið hafi yfir fórnarlömb, þau hafi kastað upp og froðufellt. Blaðamaður AFP sagði sömu sögu og sá lík ungar stelpu, fullorðinnar konu og tveggja eldri borgara á spítala í bænum. Sjá mátti froðu í munni þeirra allra.

Sami blaðamaður greindi frá því að sprengja hefði skolið á spítalanum stuttu síðar. Hafi þá brak hrúnið yfir lækna sem voru að vinna við að



Varnarlið Khan Sheikhoun hlúir að fórnarlambi árársinnar. NORDICPHOTOS/AFP

Hvað gerir saringas?

Í stuttu máli veldur saringas köfnun og þar með dauða ef einhver andar því að sér í nægilegu magni.

Í Gasið ræðst á miðtaugakerfi líkamans við innöndun og lamar öndunarferin.

Í Ef nægilega mikið magn saringass ratar inn í öndunarveginn getur það valdið dauða innan nokkurra mínútna.

Í Á meðal annarra áhrifa sem saringas hefur á líkamann er óskýr sjón, sviti, krampar, öndunarörðugleikar, niðurgangur, ógleði og uppköst.

aðstoða fórnarlömb fyrir árása.

Mohammed Rasoul, sem rekur flota sjúkrahúsa í góðgerðarskyni í borginni Idlib, skammt frá Khan Sheikhoun, sagði í viðtali við BBC að fjöldi hinna látnu væri 67 en ekki 58. Fréttastofa uppreisnarmanna, Step, sagði hins vegar að hundrað hefðu látið lífið.

Syrian Observatory sagði óvíst hvaða efni hefði verið varpað á bæinn. Fréttastofan EMC, sem er á bandi uppreisnarmanna, sagði allt

Efnavopnastríð í Sýrlandi

Vesturlönd hafa áður sakað sýrlensku ríkisstjórnina um að beita efnavopnum gegn uppreisnarmönnum, meðal annars saringasi, einkum í baráttunni um höfuðborgina Damaskus. Þar féllu til dæmis rúmlega 500 manns í meintri efnavopnaárás í ágúst árið 2013.

Bashar al-Assad, forseti Sýrlands, hefur hins vegar alla tíð neitað þeim ásökunum.

Samtökin Organisation for the Prohibition of Chemical Weapons hafa þó endurtekið greint notkun eiturfna í árásum í Sýrlandi. Í janúar í fyrra greindist til að mynda saringasi í blóði fórnarlambis slíkrar árársar.

Þá hafa hersveitir Íslamska ríkisins beitt efnavopnum.

líta út fyrir að saringasi hafi verið varpað á bæinn en það er talið tuttuugu sinnum banvænna en blásýra.

Heimildarmaður fréttaveitunnar Reuters innan sýrlenska hersins sagði í gær að sýrlenski herinn „hefði ekki beitt og beitti ekki“ efnavopnum.

Sýrlenska stjórnarandstaðan var harðorð í gær. Fór hún fram á að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hæfi rannsókn á árásinni þegar í stað. thorgnyr@frettabladid.is



RENAULT
Passion for life



TIL AFGREIÐSLU STRAX

RENAULT KANGOO

Renault atvinnubílar hafa slegið í gegn með hagstæðu verði, ríkulegum búnaði og úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla. Komdu og reynsluaktu nýjum Kangoo og láttu sölumenn okkar gera þér tilboð í nýjan Renault atvinnubíl.

www.renault.is

RENAULT KANGOO, DÍSIL
1,5 L. VÉL, 90 HESTÖFL

Verð: **2.169.000 kr. án vsk.**
2.690.000 kr. m. vsk.

Eyðsla 4,3 l/100 km*

EKKI BARA GÆÐI

SMÍÐABUXUR FISKAUGA Í KAUPÆTI

Kauptu 1999
buxur og fáðu
180° víðlinsu á
símanni í kaupæti.



25.900 m/vsk



BLACK EYE

ÖRYGGISSKÓR



13.900 m/vsk

Fullt verð 22.900

PRJÓNA- PEYSA



9.900 m/vsk

Fullt verð 14.595

STUTTERMA- BOLUR



1.490 m/vsk

Fullt verð 2.460

HÁSKÓLA- PEYSA



3.900 m/vsk

Fullt verð 5.919

BELTI



1.990 m/vsk

Fullt verð 3.370

SMÍÐA- BUXUR



8.900 m/vsk

Fullt verð 15.799

ÖRYGGIS- SKÓR



9.900 m/vsk

Fullt verð 19.790

HNJÁ- PÚÐAR



1.590 m/vsk

Fullt verð 2.964

KULDA- ÚLPA



24.900 m/vsk

Fullt verð 35.836

Djöfullinn danskur



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Djöfullinn danskur höfum við haft á orði allt frá dögum einokunar danskra kaupmanna og höfum enn um sitthvað sem okkur þykir of slæmt til þess að það geti verið á okkar ábyrgð. Þannig er það t.d. með þá aðför sem gerð var að örorkulífeyrisþegum af hálfu hins opinbera í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í febrúar 2013. Þegar betur var að gáð, árum og lagasetningu síðar, reyndist skýrslan meira en lítið vafasöm, byggð á umdeildri danskri skýrslu og niðurstöður yfirfærðar á íslenskt samfélag án nánari athugana. Auk þess voru niðurstöður Ríkisendurskoðunar byggðar á þýðingarvillu.

Auðvitað bar því ekki sála ábyrgð í þessu máli heldur mátti rekja allt saman til þýðingarvillunnar. Því fylgir kannski léttir fyrir embættismenn sem þrýstu á lagabreytingar sem fólu í sér hertar eftirlitsheimildir til handa Tryggingastofnun. Jafnvel léttir fyrir þingmennina sem samþykktu lögin og höfðu jafnvel uppi gifuryrði um örorkulífeyrisþega sem ýttu undir forðoma í samfélaginu. En það er engin bót í því fyrir þá sem urðu fyrir óréttlæti af völdum þessara vinnubrögð að djöfullinn hafi eiginlega alltaf verið danskur eða að minnsta kosti þýðingarvilla í skýrslu Ríkisendurskoðunar og því alls engum um að kenna.

Það er vandséð að einhver annar þjóðfélagshópur hefði mátt þola viðlíka vinnubrögð, afleiðingar þeirra og svo yfirkjár en einmitt örorkulífeyrisþegar. Lögin leiddu í fyrsta lagi til þess að Tryggingastofnun beitti auknum heimildum til aðgerða á hendur viðskiptavinum sínum er varða persónuréttindi þeirra og hagsmuni. Og í öðru lagi, en þetta er ekki síður alvarlegt, þá áttu þessi vinnubrögð Ríkisendurskoðunar stóran þátt í því að réttlæta frestun á löngu tímabærum kjarabótum þessa hóps. Ríkisendurskoðun hefur reyndar ekki, að minnsta kosti þegar þetta er skrifað, getað fundið það hjá sér að biðja örorkulífeyrisþega afsökunar á þessu enda er djöfullinn danskur eins og allir Íslendingar vita.

Reyndar er erfitt að verjast þeirri hugsun að þetta mál kristalli viðhorf stofnana á borð við Ríkisendurskoðun og Tryggingastofnun auk hins háa Alþingis til örorkulífeyrisþega. Viðhorfið virðist gegnsýrt af efasemdum og á stundum er eins og stjórnendur greiði örorkulífeyri úr eigin vasa en ekki sameiginlegum sjóðum þjóðarinnar sem hluta af sáttmála sem á meðal hennar ríkir. Þetta þekkja flestir örorkulífeyrisþegar og kannski er frekar ástæða til þess að leggjast í skýrslugerð um stofnarnir, innviði þeirra og starfshætti fremur en viðskiptavinina. Stjórnendur stofnana og stjórnmalamenn sem oft hafa á orði mikilvægi þess að við lærum af hinum og þessum mistökum þeirra ættu kannski að tileinka sér þann lærdóm reynslunnar. Við þurfum að hafa minni áhyggjur af siðferðisþreki smáfiskanna og passa okkur frekar á hákörnunum.

Við þurfum að hafa minni áhyggjur af siðferðisþreki smáfiskanna og passa okkur frekar á hákörnunum.

Halldór



Frá degi til dags

Ef einhver tíma var tilefni í bréfi Steingríms Ara Arasonar til Davíðs Oddssonar frá árinu 2002, þar sem hann segir sig úr nefnd um einkavæðingu bankanna, segir að ástæða úrsagnarinnar séu vinnubrögð sem leiddu til þess að áhugasamir kaupendur voru sniðgengnir þrátt fyrir hagstæðari tilboð í Landsbankann. Í bréfinu kallar Steingrímur eftir rannsókn óhlutdrægs aðila á einkavæðingunni. Það er áfelligsómur yfir íslenskum stjórnmalum að engin rannsókn fari af stað þegar nefndarmaður af þessu kaliberi kallar eftir því. Þess í stað er það verkefni stjórnmalanna, fimmtán árum síðar, að samþykkja rannsókn einkavæðingarinnar. Ætlar forsætisráðherra að feta í fótspor forvera síns og humma þá kröfu fram af sér?

Minnisleysið Það eru margir úr viðskiptalífni og stjórnmalunum sem muna sitthvað merkilegt frá einkavæðingarferlinu. Fáir hafa hins vegar stigið fram. Í blaðinu í dag er greint frá því að Valgerði Sverrisdóttur hafi verið greint frá rökstuddum grunsemdum um að Société Générale hafi aldrei raunverulega ætlað að koma að kaupnum á Búnadarbankanum. Í síðustu viku sagðist hún aftur á móti bæði hissa og sár yfir þeim blekkingum sem beitt var við kaupin. Kannski er hún búin að gleyma fundinum fyrir fjórtán árum – eða kannski kemur minnisleysið fram á óvenju heppilegum tímamarki.
snaeros@frettabladid.is

Hvað gerir Bjarni?



Kristján Guy Burgess
alþjóðastjórnmalafraeðingur

Bjarni Benediktsson verður að óska eftir fundi með Theresu May, forsætisráðherra Bretlands, hið fyrsta til að tryggja hagsmuni Íslendinga við útgöngu Breta úr ESB.

Þegar Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hafði verið forsætisráðherra í tvo mánuði hafði hann átt einkafundi með framkvæmdastjórn Sam-einuðu þjóðanna og NATO, æstu ráðamönnum ESB, forsætisráðherrum Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands, formanni landsstjórnarinnar á Grænlandi og lögmanni Færeyja. Hann hafði fundað með forseta Finnlands og forsætisráðherra Rússlands. Bjarni Benediktsson hefur nú verið mánuði lengur forsætisráðherra en hefur ekki enn átt fund með neinum þjóðarleiðtoga. Þegar Sjálfstæðisflokkurinn fór með forsætisráðuneytið í hátt í tvo áratugi yfir síðustu aldamót, gættu forsætisráðherrarnir hans þess að þeir hefðu tókin á efnahagsmálunum og þjóðaröryggismálunum. Nú stýrir Benedikt Jóhannesson efnahagsmálunum og Guðlaugur Þór Þórðarson fer með varnar- og öryggismál.

Það eru frávik frá íslenskri hefð að forsætisráðherra leiki svo smátt hlutverk í alþjóðasamskiptum þjóðarinnar. Hann gerði vissulega góða ferð til New York og Washington til að vekja athygli á alþjóðlegri jafnréttisbaráttu en á hvorugum staðnum hittu hann æstu ráðamenn.

Fram undan eru risastórar áskoranir þar sem forsætisráðherra verður að gera sig gildandi. Samskipti við stærstu útflutningsmarkaði eru að taka miklum breytingum. Það verður að tryggja aðgengi sjávarafurða að breskum markaði, markaðsstöðu íslenskra fyrirtækja í Bretlandi verður að festa, réttindi íslenskra námsmanna í Bretlandi eru í hættu.

Bjarni Benediktsson verður að óska eftir fundi með Theresu May, forsætisráðherra Bretlands, hið fyrsta til að tryggja hagsmuni Íslendinga við útgöngu Breta úr ESB. Í slíkri ferð á hann að hafa með sér sérstaka sendinefnd úr viðskiptalífni, háskólasamfélaginu og vísindageiranum og hitta í leiðinni alla helstu ráðamenn og hagsmunaaðila. Þá skipuleggi hann fundi með Donald Tusk og Jean-Claude Juncker hjá Evrópusambandinu til að passa upp á að rödd Íslendinga heyrir þegar EES-samstarfið breytist við útgöngu Breta. Það er ekki eftir neinu að biða, en Bjarni þarf að fara af stað.

ÞEKking OG FÆRNI Í MATVÆLAGREINUM

HÓTEL SÖGU, 2. HÆÐ
FIMMTUDAGINN
6. APRÍL
KL. 11.30-16.00

Hvaða aðferðum er hægt að beita til að auka þekkingu og færni starfsfólks innan matvælagreina?

Opin ráðstefna á vegum Matvælalandsins Íslands.

Nánari upplýsingar og skráning á si.is
Aðgangur er ókeypis.

Með rauðum penna

Opið bréf til forsætisráðherra Íslands



Kári Stefánsson
forstjóri
Íslenskrar
erfðagreiningar

Bjarni, mig hefur lengi langað til þess að tjá þér aðdáun mína á því hvernig þú hefur tekið því þegar ég hef dregið þig yfir naglabrettid í skrifum mínum. Eg hef hætt þig, gert grín að þér, ásakað þig um ljóta hluti og gert lítið úr þér og stundum hefur mér tekist ágætlega upp við þá iðju. Undantekningalaust hefur þú tekið þessu með bros á vör. Eg er handviss um að ef hlutverk okkar hefðu víxlast hefði mig skort bæði þá stærð og jafnvægi sem þarf til þess að halda reisu sem þú gerðir hins vegar eins og að drekka vatn. Sá grunur hefur að vissu leitað á suma að þetta sé vegna þess að þér sé alveg sama, þú hafir í raun réttir engan áhuga á pólitík. Eg kaupir það ekki.

Í byrjun níttjándu aldar var Baldvin Einarsson einn af baráttumönnum fyrir sjálfstæði Íslands. Hann dó hins vegar fyrir aldur fram þrjátíu og eins árs, árið 1833. Nafni þinn Thorarensen þyrjaði minningarljóð eftir hann á þessum orðum:

Íslands óhamingju verður allt að vopni eldur úr iðrum þess ár úr fjöllum breiðum byggðum eyða

Sagan segir að hann hafi ekki komist lengra vegna þess að sorgin yfirbugaði hann, lokaði ljóðabarknum algjörlega. Jaxlarnir sem börust fyrir sjálfstæði þjóðarinnar voru nefnilega tilfinningarnir, þeim stóð ekki á sama. Við Íslendingar höfum búið í okkar harðbýla landi í ellefu hundruð ár og við værum ekki hér núna nema vegna þess að við vorum heppin af og til. Það hafa hins vegar komið þær stundir þegar það var ósköp edlilegt að álykta sem svo að óhamingju þessarar þjóðar yrði gjarnan allt að vopni. Ein af þessum stundum var þegar efnahagslíf þjóðarinnar hrundi árið 2008. Menn greinir á um smáatriði þess sem gerðist, en eitt er víst að bankarnir fóru á hausinn af því þeir tóku áhættu sem þeir höndluðu ekki og við það fór samfélagið á hausinn. Það vill nefnilega svo til að áhættan sem bankarnir tóku var aðallega á kostnað samfélagsins en ekki eigna bankanna eða stjórnenda.

Bjarni, það er hægt að draga alls konar ályktanir af hruninu og heill bálkur þeirra lýtur að bönkunum: Bankar eru grundvallarstofnanir samfélagsins. Þeir sem hafa yfirráð yfir bönkun geta nýtt sér það til þess að kreista fé út úr samfélaginu næstum eins og þeim sýnist. Bankar taka áhættu á kostnað samfélagsins enu síður en eigenda þeirra. Og svo má lengi telja. Það er því svo sannarlega mál allrar þjóðarinnar hverjir eiga bankana. Þegar eignarhald á banka skiptir um hendur og þjóðinni er sagt að henni komi ekki við hverjir nýir eigendur séu ber að líta á það sem meðvitaða tilraun til þess að koma af stað vopnaðri byltingu.

Nú kemur að ástæðu þess að ég er að ergja þig með þessu bréfi. Hún er sú að þér virðist standa of mikill á sama, í það minnsta í samanburði við frelsis- hetjurnar sem við viljum bera forsætisráðherra okkar saman við. Þeir grétu með þjóð sinni þegar illa gekk í stað þess að reyna að græða á eynd hennar og þeir hlógu með henni í stað þess að hlæja að henni. Eg er ekki að halda því fram að þú gerir þetta en þögn þín um mikilvæg mál og yfirlystur vilji þinn til þess að gleyma þeim býður svo sannarlega heim þeim misskilningi. Þú verður að taka þig saman í andlitinu

og leiðréttu þetta vegna þess að þú ert í hjarta þínu hlýr maður og vilt ekki að þjóðin þín sé þjökud af áhyggjum og angist sem á rætur sínar í misskilningi. Nú ætla ég að gefa þér nokkur dæmi um það sem þú þarf að leiðréttu, helst með rauðum penna:

1. Íslendingar standa á öndinni yfir því hvernig S-hópurinn plataði Búnaðarbankann út úr þjóðinni og fylgdi honum síðan inn í Kaupþing og notaði aðstöðu sína þar til þess að fylla vasa sína fé, meðal annars með því að blekkja heiminn til þess að trúa því að bankinn stæði betur en raun bar vitni, ef marka má Hæstarétt Íslands. Einhvern veginn finnst þjóðinni eins og þú látir þér þessa sögu í létlu rúmi liggja og hafir ekki séð ástæðu til þess að fordæma verknaðinn af þeim krafti sem leiðtogi þjóðarinnar ætti að gera.

Þjóðin var blekkd af S-hópnum. Ef leiðtoga þjóðarinnar er umhugað um líðan hennar verður hann að fordæma S-hópinn af því afli að neistar fjúki. Það getur hann að vissu ekki nema honum finnst athæfi hópsins þess eðlis að það kalli á fordæmingu. Eg efast ekki um að þú hafir sömu skoðun á S-hópnum og þjóðin almennt, svo lát oss heyra. Síðan á þjóðin erfitt með að skilja hvernig stendur á því að þú virðist ekki skynja mikilvægi þess að fylgja eftir uppgötvuninni á svínari S-hópsins með rannsökn á einkavæðingum bankanna allra, bæði þeim fyrri og seinni.

Þegar ég hef spurt þá sem gerst þykjast vita hvernig stendi á þessum áhugaskorti þínu fæg þú bara eitt svar sem er að fjölskylda þín hafi verið á bólaþaki í bankaskítum og ef það yrði farið að moka þann flór, þá myndu ýmsir úr henni enda í fjóshaugnum. Viðmælendur mínir benda í því sambandi á eignarhald fjölskyldu þinnar á Íslandsbanka og setu föðurbróður þins og viðskiptafélaga til margra ára í stjórn hans og því hvernig ykkur tókst að selja ykkur út úr bankanum nokkrum klukkustundum áður en hann fór á hausinn. Eg stend í þeirri trú að þetta sé líklega allt rangt eða í það minnsta orðum aukið. Þú verður hins vegar að tjá þig til þess að kveða niður þennan róg og síðan að sjá til þess að við vitum að þú viljir að einkavæðingin verði rannsökuð í tætlur.

2. Fyrir rétt rúmum átta árum fór íslenskt efnahagslíf á hliðina. Bankarnir voru reknir með vöxt og skammtimagröða í huga frekar en öryggi og stöðugleika. Áhættan sem þessu fylgdi var að mestu á kostnað samfélagsins þannig að þegar bankarnir fóru á hausinn fór samfélagið að mestu leyti sömu leið. Dómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu að rekstur bankanna hafi undir þáð síðasta markast glæpsamlegum blekkingum, sem hafi verið ætlað að sannfæra heiminn um að keisarinn væri ekki nakinn. Það er því ljóst að þeir sem eiga og stjórna bönkun eru ekki yfir það hafnir að taka áhættu á kostnað samfélagsins né skirrast þeir við því að plata samfélagið til þess að ná sínu fram. Því er það sjálfsgöð og réttlát krafa að eignarhaldi banka á Íslandi sé aldrei leynt og að samfélagið hafi úrslitaáhrif á það hverjir eigi bankana.

Nú er hins vegar búið að selja drjúgan hluta Arion banka nokkrum vogunarsjóðum og Goldman Sachs sem eru að öllum líkindum að kaupa fyrir aðra ónefnda. Nú ef raunverulegir eigendur eru vogunarsjóðirnir og Goldman Sachs þá er bankinn að færast í hendur þeirra sem vinna fyrir saltinu í grautinn sinn með því að taka þá tegund áhættu sem kom samfélaginu á hausinn árið 2008, ef ekki þá er verið að leyna eignarhaldi. Það er ljóst, Bjarni, að samfélaginu finnst ekki að þú gangir vasklega fram í að upplýsa þetta mál og sýnir því grunsamlegt fálæti. Það er um meira að segja þeir sem halda því fram að það sé vegna þess að fjölskylda þín sé að undirbúa að kaupa sig inn í bankakerfið öðru sinni, til dæmis með því að láta Borgun kaupa Íslandsbanka með aðkomu líf-

eyrissjóða. Þetta verðurðu að kveða í kútinum sem fyrst.

3. Það ætlar seint að þagna klíðurinn sem hlaust af sölu Landsbankans á Borgun. Sagan segir að kaupendur hafi fengið hlutinn fyrir slíkk og meðal þeirra hafi verið menn úr frændgarði þínum. Í einni útgáfunni, nokkuð vinsælli, segir að fyrst hafi gengið á fund stjórnenda Landsbankans hópur manna frá Borgun og falast eftir hlutnum en ekki haft erindi sem erfiði. Nokkru síðar leitaði annar hópur frá Borgun til Bankans og í þetta skiptið var Einar Sveinsson, föðurbróðir (þinn) fjármálaráðherra, í för með þeim og í það skiptið var þeim tekið opnum örmum og hluturinn var seldur þeim á þann máta að það er varla hægt að líta á það sem annað en gjafgjörning; Landsbankinn gaf þessum nýja hópi mikil verðmæti. Sagan segir líka að frændsemi þín við Einar Sveinsson og staða þín sem fjármálaráðherra sé ástæða þess að svona hafi verið staðið að verki. Þetta þarftu að leiðréttu ef þess er kostur.

4. Þessi gróusaga, sem er sú síðasta sem ég rek hér, fjallar um rútur sem aka farþegum til og frá flugstöðinni í Keflavík. Fyrirtækið utan um þær ku vera í eigu föður þíns og systkina og segir sagan að það sé enginn einn aðili sem hafi notið meira undanþágu frá fullum virðisaukaskatti sem hlotnaðist rútufrirtækjum heldur en einmitt þessi gullmoli fjölskyldu þinnar. Ein aðalástæða þess er að þetta fyrirtæki hefur einkaleyfi á því að flytja farþega til og frá flugstöðinni í Keflavík. Einkaleyfið á, samkvæmt sögunni, að hafa fengist hjá ISAVIA þar sem Ingimundur Sigurpálsson er stjórnarformaður. Ingimundur er náinn vinur fjölskyldu þinnar og varð stjórnarformaður í umbodi fjármálaráðherra sem þá varst þú, Bjarni Benediktsson. Í fullri lengd sinni er þessi saga með kafla um það þegar þingmenn Sjálfstæðisflokksins reyndu að sjá til þess að Ingimundur yrði ekki endurkosinn stjórnarformaður á aðalfundi ISAVIA um daginn, vegna þess að þetta liti illa út fyrir þig og fjölskyldu þína en þú hafir yppt öxlum af því að þér sé sama. Þetta er eitt af því sem kallar á rauðan penna til leiðréttingar.

Bjarni, ég hef ekki rakið þessar sögur vegna þess að ég telji að það sé líklegt að þér séu sannar heldur vegna þess að það hittast varla svo tveir eða fleiri Íslendingar í dag án þess að þær séu sagðar.

Þegar þú leggst í leiðréttingar á gróusögum af þeirri gerð sem hér hafa verið raktar er mikilvægt að gera það af einlægni og þannig að það skiljist hvað þú ert að reyna að segja. Ekki ætla ég mér þá dul að ráðleggja þér um það hvernig sé best að standa að því, en get gefið þér dæmi um það hvernig á ekki að gera svona lagað: Þegar Dagur B. Eggertsson var spurður í Silfrinu um daginn hvað honum myndist um þau ummæli þín að borgin yrði að gyrða sig í brók í húsnæðismálum svaraði hann því til að sér myndist það „ódyrt“. Hvað á maðurinn við?

Húsnæðismál í borginni, sem og víða annars staðar á landinu, eru í ólestri. Þegar maður er með buxurnar á hælunum af hvaða ástæðu sem er stendur manni ekki annað til boða en að gyrða sig. Hann fór í vörn og með því fór einlægnin út um gluggann, sem var einfaldlega ekki í boði. Bjarni, þetta er gott dæmi um það hvað það getur verið hættulegt fyrir pólitíkus að hrökkva í vörn.

Síðar í þættinum sagði Dagur: „Við erum með sérstaka áherslu á samvinnu við uppbyggingaraðila sem eru ekki að byggja í hagnaðarskyni.“ Hann er nýbúinn að skrifa undir samning við Ólaf Ólafsson S-hóps foringja um að byggja 320 íbúðir fyrir Borgina. Þar af leiðandi er enginn möguleiki fyrir venjulegt fólk að skilja hvað hann meinar með því að hann leggi sérstaka áherslu á samvinnu við aðila sem vilja forðast hagnað. Það hefur reyndar vafist fyrir mörgum mannum að skilja

taumlaust orðskrúði sem flæðir út úr Degi. Í þetta skiptið hallast ég að því að hann hafi ekki skilið það sjálfur. Þegar þú ræðst í leiðréttingarnar verðurðu að gera þær kröfur til þín að þjóðin skilji og virði það sem þú segir.

Nú vil ég leggja áherslu á að ekkert af því sem ég hef sagt hér að ofan ber að skilja sem áras á Ólaf Ólafsson, þann vaska mann. Frá mínum bæjardryrum séð er hann er einfald-

lega búsmiðmaður sem fyrir hrun gerði það sem við sem þjóð og eftirlitsaðilar okkar létu hann komast upp með og er nú aftur kominn á kreik af því að við leyfum honum það sem hlýtur að teljast merki um einhvers konar brjálæði. Eg er því ósammála landlækni þegar hann segir að Íslendingar bryðji of mikill af geðlyfjum, ég held því fram að hegðun þeirra bendi til þess að þeir þjáist af skorti á þeim.

ÁTTU VON
Á GESTUM?
25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SVEFNSÓFUM

QUADRO



Ítalskur svefnsófi með góðri dýnu. Fæst dökkgrár, rauður, ljósbrúnn og röndóttur.
Dýnust.: 140x200 cm.



TILBOÐSVERÐ

217.425 KR.

FULLT VERÐ: 289.900 KR.

PALERMO



Ítalskur svefnsófi frá Natuzzi Edition með góðri dýnu. Hvítt eða rautt vandað leður. Dýnust.: 140x200 cm.



TILBOÐSVERÐ

292.425 KR.

FULLT VERÐ: 389.900 KR.

CLIO



Svefnsófi með góðri dýnu. Rautt og dökkgrátt áklæði. Dýnust.: 140x200 cm.



FULLT VERÐ: 369.900 KR.

TILBOÐSVERÐ

277.425 KR.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566



ASÍ, SI og SA ... úlfur, úlfur



Evar Rafn Hafþórsson
iðnaðarmaður og hagfræðingur

Þegar ég ákvað að skrifa meistararitgerð í hagfræði um framleiðni á byggingamarkaði á Íslandi og bera saman við framleiðni á byggingamarkaði í Noregi þá varð mér strax ljóst að erfitt gæti reynst að fá gögn og mikilvægar upplýsingar. Gagnaöflunin tók langan tíma og á tímabili var ég efins um að þetta tækist. En með frábæran leiðbeinanda, dr. Þórólf Matthíasson, tókst þetta að lokum. Fæðingin var sum sé mjög erfið.

Til að byrja með fór ég til Samtaka iðnaðarins, Samtaka atvinnulífsins og ASÍ. Mér til mikillar furðu þá höfðu þau ekkert velt þessum málum fyrir sér og það sem verra var að mér fannst, þá höfðu þau engan áhuga á viðfangsefninu. Á tyllidögum kjarasamninga er tónglast á því að framleiðni þurfi að aukast svo að ekki sé samið um hækkunir umfram framleiðni. Annars fer það bara út í verðlagið. Jú, það er alveg rétt. En af hverju þetta áhugaleysi gagnvart afkastagetu einstakra starfsgreina?

Þegar ég gekk á fund þessara samtaka árið 2015 sýndi ég þeim hvað hefði verið byggt á árunum 2009-2014. Þetta voru tölur beint frá Hagstofunni þannig að ég býst við að þessir aðilar hafi verið meðvit-

aðir um þennan uppsafnaða skort ... eða hvað? Á þessum árum var fullkláruð 4.141 íbúð á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt Hagstofunni sem gerir um 690 íbúðir á ári. En árleg eftirspurn er um 1.600-1.800 íbúðir á ári. Þarna var strax ljóst í hvað stefndi.

Í Kastljósi þann 21. mars var viðtal við framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins. En þar kom hann inn á eftirfarandi atriði:

1) Þeir töldu að framleiðslan yrði 2001 íbúð árið 2017 en í raun varð framleiðslan 1.598 íbúðir. Þar sem ég reiknaði framleiðni í byggingariðnaði í minni mastersritgerð er áhugavert að sjá hvað rúmlega 20% framleiðni- aukning hefði haft mikil áhrif á þessar tölur. Í rannsókn minni kom í ljós að við erum með 66% af framleiðslugetu Noregs. Segjum að við hefðum 80% af framleiðslugetu Noregs, þá hefði þessi spá verið nærri lagi. Þannig að augljóslega skiptir framleiðni miklu máli.

2) Framleiðsla á minni íbúðum er dýrari. Vinnustundir aukast um 6% við hverja 10 fermetra minnkun á íbúðum, sem segir að uppbygging á minni íbúðum tekur lengri tíma.

3) Hann segist ekki hafa áhyggjur af vinnuafllsskortri í byggingariðnaði. Við erum með frjálst flæði vinnuaflls innan EES og því liggur það ljóst fyrir að besta vinnuaflið í Evrópu leitar þangað sem raunlaunin eru hæst og það er ekki á Íslandi, auk þess sem eftirliti með fagskírteinum er



Iðnaðarmenn sem ég tala við daglega eru sammála um að spá Samtaka iðnaðarins sé ekki raunhæf, og þá sérstaklega vegna ruðningsáhrifa af hótélbyggingum og eins og fyrr segir, vegna skorts á faglærðu og vel þjálfuðu vinnuafli. Þessi atvinnugrein þarf að fá meiri athygli og hefja þarf vinnu við stefnumótun til langs tíma.

mjög ábótavant hérlandis. Í dag gengur mjög erfiðlega að manna byggingariðnaðinn og því finnst mér ákveðið virðingarleysi felast í þessum ummælum. Það tekur langan tíma að ná upp færni og ef menn halda að hvaða Jón sem er geti sinnt þessu þá eru menn á villigötum. Við þurfum 80% meiri tíma til innanhússfrágangs miðað við Noreg en það er akkúrat þessi innanhússfrágangur sem þarfnast hæfni og aukins vinnuhraða sem næst bara með nokkurra ára þjálfun. Þannig að aukning á faglærðu vinnuafli skilar betri árangri.

Óraunhæf spá

Iðnaðarmenn sem ég tala við daglega eru sammála um að spá Samtaka iðnaðarins sé ekki raunhæf, og þá sérstaklega vegna ruðningsáhrifa



af hótélbyggingum og eins og fyrr segir, vegna skorts á faglærðu og vel þjálfuðu vinnuafli. Þessi atvinnugrein þarf að fá meiri athygli og hefja þarf vinnu við stefnumótun til langs tíma. Við erum ekki sjálfbær með svo fáa iðnaðarmenn og við erum einfaldlega ekki samkeppnishæf um besta vinnuaflið í Evrópu. Við erum með góða iðnaðarmenn en þeir eru bara of fáir til þess að ráða við svona mikla uppbyggingu á svona stuttum tíma.

Staðan sem við erum komin í er mjög erfið en því miður verður hún ekki leyst með skyndilausnum og mun staðan því vera erfið áfram næstu árin. Menn verða hins vegar að vera hreinskilnir með þessa stöðu. Það er ekki til neins að búa til væntingar sem standast ekki. Framleiðslugetunni verður ekki breytt eins og hendi sé veifað, en við getum allavega búið okkur undir framtíðina og reynt að koma í veg fyrir að svona gerist aftur.

NÝTT
Á MORGUN KL. 21:50

FLÓTTINN HELDUR ÁFRAM

PRISON BREAK

365.is | Sími 1817
365

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 5. apríl 2017

13. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



ROLEX
OYSTER PERPETUAL
DATEJUST 36

MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is



Einkafjárfestar taka völdin í VÍS

Hópur einkafjárfesta hefur náð undirtökunum í VÍS eftir að Herdís Fjeldsted missti formennsku til Svanhildar Nönnu. Átök hafa einkennt störf stjórnarinnar og fimmtán manns setið í stjórn frá 2015. Ný stjórn líkleg til að vilja falast eftir meirihluta í Kvíku. Þáverandi formaður lagði til að Birna Einarsdóttir yrði forstjóri í ágúst 2016.

»6



»2 Fjárfestingin á byrjunarreit

Ekki er búið að staðfesta 344 milljóna króna fjárfestingu Almenna lífeyrissjóðsins í kísilveri Thorsil í Helgúvík.

»4 Taldi Kaupþing undirverðlagt

Vogunarsjóðurinn Taconic Capital, sem keypti megnið af sex prósentu hlut Seðlabankans í Kaupþingi, hafði áður lýst því yfir að bréf Kaupþings væru undirverðlögð.

»8 Selja gamlar tölvur og leiki

Par í Kópavogi stofnaði vefverslun þar sem hægt er að kaupa Nintendo NES, Sega Mega Drive og 30 ára gamla tölvuleiki.



FERMING 2017

Þar sem úrvalið
er af
umgjörðum

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK



Seðlabankinn borgar um milljón í meðallaun

Starfsmenn Seðlabanka Íslands fengu að meðaltali um 971 þúsund krónur í mánaðarlaun í fyrra. Launin hækkuðu þá að meðaltali um 101 þúsund krónur á mánuði miðað við árið á undan þrátt fyrir að ársverkum í bankanum hafi fækkað um þrjú eða úr 200 í 197.

Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi Seðlabankans. Samkvæmt honum námu launagreiðslur, fyrir utan lífeyrissjóðsgreiðslur og launatengd gjöld, í fyrra rétt tæpum 2.296 milljónum króna. Heildarlaun Más Guðmundssonar seðlabankastjóra námu þá 24,4 milljónum, eða rétt rúmum tveimur milljónum á mánuði, samanborið við 21,9 milljónir árið 2015. Árslaun Arnórs Sighvatssonar aðstoðarbankastjóra hækkuðu úr 19,8 milljónum í 22,1 milljón í fyrra.

Meðallaun í Seðlabankanum voru 755 þúsund krónur árið 2014.

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri



» Starfsmenn Seðlabankans fengu að meðaltali 971 þúsund krónur í mánaðarlaun í fyrra.

Þau hækkuðu því um 216 þúsund á tveimur árum eða um 28,6 prósent. Már Guðmundsson var þá með 20,3 milljónir í árslaun eða 1,69 milljónir króna á mánuði. Mánaðarlaun seðlabankastjóra hækkuðu því um rétt rúmar þrjú hundruð þúsund krónur á tveggja ára tímabili.

– hg



Thorsil fékk lóð í Helguvík skammt frá þeim stað þar sem nú er búið að byggja ksilver United Silicon. FRÉTTABLAÐID/GVA

Fjárfesting í Thorsil nánast á byrjunarreit

Ekki er búið að staðfesta 344 milljóna fjárfestingu Almenna lífeyrissjóðsins í ksilveri Thorsil í Helguvík. Framkvæmdastjóri Thorsil segir óheppilegt að starfsleyfi fyrirtækisins sé aftur komið í kærufarli en vill ekki tjá sig um fjármögnunina.

Almenni lífeyrissjóðurinn hefur ekki enn staðfest þriggja milljóna dala, jafnvirði 344 milljóna króna, fjárfestingu í ksilveri Thorsil í Helguvík rúmu ári eftir að hún var samþykkt af stjórn hans. Ástæðan er sú að forsvarsmenn fyrirtækisins hafa ekki uppfyllt skilyrði eins og að tryggja verksmiðjunni starfsleyfi. Framkvæmdastjóri Thorsil segir óheppilegt að starfsleyfið hafi nú verið kært í annað sinn en vill ekki svara hvernig fjármögnuninni miðar.

„Við höfum ekki staðfest þátttöku og málið er í mínum huga nánast komið á byrjunarreit. Við höfum áhuga á sínum tíma og stjórnin samþykkti að ef skjöl myndu uppfylla kröfur sjóðsins þá myndum við taka þátt. Langur tími er liðinn og ýmsar aðrar forsendur hafa breyst en meðal annars hafa lífeyrissjóðir nú viðtækari fjárfestingaheimildir og síðan hafa komið fram neikvæðar fréttir vegna annarrar stóriðju [United Silicon] á sama stað,“ segir Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins.

Forsvarsmenn Thorsil voru í október í fyrra á lokametrunum með að semja við fjóra lífeyrissjóði um að þeir myndu útvega fjóra milljarða

Við höfum ekki staðfest þátttöku og málið er í mínum huga nánast komið á byrjunarreit.

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins



„Það kom önnur kæra og við þurfum að vinna úr henni. Síðast tók það úrskurðarnefndina, sem hefur þrjú mánuði, þrettán mánuði og við vonum að það taki núna styttri tíma. Við reynum að halda mönnum upplýstum um þetta en við gerum okkur vonir um að nefndin sinni þessu hratt svo hún verði innan þriggja mánaða tímamarkanna. Við reynum að vinna út frá því,“ segir Hákon Björnsson, framkvæmdastjóri Thorsil. Líkt og Gunnar bendir Hákon á áhrif ksilvers United Silicon í Helguvík á fjármögnun Thorsil.

„Það gengur allt á afturfótunum þarna og þá finnur maður að menn vitna til þess. En við höfum ekki ástæðu til að ætla annað en að staðið verði við gerða samninga varðandi fjármögnunina,“ segir Hákon.

Heildarfjármögnun verksmiðjunnar nemur 275 milljónum dala. Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri LSR, staðfesti í samtali við Fréttatímamann í byrjun febrúar að lífeyrissjóðurinn muni ekki fjárfesta í ksilverinu. Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur ekki tekið ákvörðun um fjárfestingu í verkefninu og það sama má segja um Lífeyrissjóð verslunarmanna. haraldur@frettabladid.is

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Ritstjóri Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

50

ORKUSTOFNUN

Ársfundur 2017

Miðvikudaginn 5. apríl
kl. 14:00 – 17:00 - Grand Hótel

DAGSKRÁ

- 13:45 **Mæting**
- 14:00 **Ávarp ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra**
Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir
- 14:15 **Ávarp orkumálastjóra**
Dr. Guðni A. Jóhannesson
- 14:30 **Nord Pool: Europe's Leading Power Market**
Haakon Reiersen Leknes, Senior Consultant, Nord Pool Consulting
- 15:15 **Kaffihlé**
- 15:30 **Veröld sem var**
Sveinbjörn Björnsson, fyrrverandi starfsmaður Orkustofnunar
- 16:00 **Ný kortasjá Orkustofnunar**
Sigurður Elías Hjaltason, sérfræðingur - gagnagrunnar
- 16:20 **Raforkueftirlit - hagfræði raforkumála**
Silja Rán Sigurðardóttir, Ph.D, verkefnastjóri - hagfræði raforkumála
- 16:40 **Fundarlok**

Skráning á www.os.is
Fundarstjóri: Baldur Pétursson, verkefnisstjóri
- Fjölbjóðleg verkefni og kynningar

Orkustofnun - Grensásvegi 9 - 108 Reykjavík
Sími 569-6000 - www.os.is

Bárust 1.200 nafnatillögur fyrir 201 Smára

Skipulagsráði Kópavogsbæjar bárust 1.200 tillögur í nafnasamkeppni um heiti á götum og torgum í hverfinu 201 Smári sem byggja á sunnan Smáralindar. Starfsmenn hjá skipulags- og byggingardeild Kópavogs þurfa nú að vinna úr tillögnum í samvinnu við fasteignafélagið Klasa ehf. og velja að minnsta kosti tíu tillögur.

Þetta kemur fram í fundargerð skipulagsráðsins sem tók málið fyrir á mánudag. Þar var umsókn Klasa um sex hæða fjölbýlishús með 76 íbúðum samþykkt. Stefnt er að 620 íbúða borgarhverfi, eða um 84 þúsund fermetrum af nýju húsnæði, á um þriggja og hálf hektara svæði.

Eigendur Klasa, móðurfélags 201 Smára, eru fjárfestarnir Tómas Kristjánsson, stjórnarmaður í fasteignafélaginu Regin, Finnur Rey Stefánsson og Ingvi Jónasson. Félagið hefur unnið að þróun svæðisins í samstarfi við Regin og Kópavogsbæ.



Framkvæmdir við 201 Smára eiga að hefjast í maí. MYND/201 SMÁRI

Nýtt deiliskipulag svæðisins tók gildi í fyrra og stefnt er að því að uppbygging hefjist í maí. Markaðurinn greindi í febrúar frá stefnu eigenda Norðurturnsins við Smáralind gegn verslunarmiðstöðinni og

Kópavogsbæ. Þeir hafa farið fram á staðfestingu dómstóla á að kvæðir um samnýtingu bílastæða séu í gildi og að deiliskipulag sem heimilar 201 Smára verði ógilt.

– hg



NJÓTTU ANDARTAKSINS

Heimsæktu náttúruna á Volvo V60 Cross Country.

Mikil veghæð, há sætisstaða og frábær sæti er draumaprennan fyrir unnendur náttúru og ævintýra.

Aflmikil vélin og þýð sjálfskiptingin fer með þig þangað sem þig langar. Njóttu náttúrunnar af öryggi.

Volvo öryggi.

BORGARÖRYGGI (CITY SAFETY)

VÉLARHITARI MEÐ TÍMASTILLI

HEIMREIÐARLJÓÐ

7 TOMMU SKJÁR MEÐ NETTENGINGU

DVD SPILARI

VERÐ FRÁ 5.290.000 KR.

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU

VOLVO V60 CROSS COUNTRY



Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináherla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfirningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í fararbroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is

Taldi Kaupþing verulega undirverðlagt

Nokkrum dögum áður en Taconic Capital keypti megnið af 6% hlut Seðlabankans í Kaupþingi hafði eigandi sjóðsins lýst því opinberlega yfir að bréfin væru undirverðlögð. Bankinn varð af 4-6 milljörðum þegar þau hækkuðu í virði um þriðjung tveimur mánuðum síðar.

Hörður
Ægisson
hordur@frettabladid.is



Bandaríski vogunarsjóðurinn Taconic Capital, sem keypti megnið af sex prósentu hlut Seðlabankans í Kaupþingi í nóvember í fyrra, hafði skömmu áður opinberlega lýst því yfir að bréf Kaupþings væru talsvert undirverðlögð í viðskiptum á eftirmarkaði. Seðlabankinn seldi hlut sinn í Kaupþingi fyrir samtals um 19 milljarða en rúmlega tveimur mánuðum síðar var tilkynnt að Deutsche Bank hefði samþykkt að ljúka ágreiningsmáli við Kaupþing með 50 milljarða eingreiðslu. Gengi bréfa Kaupþings rauk upp í kjölfarið um líðlega 30 prósent og sá hlutur sem Seðlabankinn hafði selt frá sér hækkaði því um leið í virði um fjóra til sex milljarða króna, eins og upp-



Seðlabankinn var fyrir sölu fjórði stærsti hluthafi Kaupþings með sex prósentu hlut. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

lýst var í Markaðnum í síðustu viku.

Fram kom í kynningu Franks Brosens, stofnanda og eiganda Taconic Capital, sem hann flutti á fjárfestingaráðstefnu í Chicago í lok október 2016, að vogunarsjóðurinn

taldi hlut sinn í Kaupþingi talsvert meira virði en bréfin væru að ganga kaupum og solum á eftirmarkaði. Brosens benti á að gengið miðað við höfuðstól breytanlegra skulda-bréfa væri um 86, nánast sama verð

og Seðlabankinn seldi Kaupþingsbréfin á, en sjóðurinn væri hins vegar þeirrar skoðunar að virði þeirra væri um hundrað – og að endurheimtur gætu líklega reynst eitthvað umfram það gangverð.

Það mat vogunarsjóðsins, sem er jafnframt stærsti hluthafi Kaupþings, reyndist rétt – gengi bréfanna er núna í kringum 115 – og sjóðurinn hefur því hagnast verulega á skömmum tíma með kaupnum á bréfum Seðlabankans. Aðrir kaupendur að hlut Seðlabankans voru meðal annars vogunarsjóðurinn Attestor Capital en rétt eins og Taconic Capital gekk sjóðurinn nýlega frá kaupum á 9,99 prósentu hlut í Arion banka. Við ákvörðun um að selja öll bréf sín í Kaupþingi undir lok síðasta árs horfði Seðlabankinn meðal annars til þess, samkvæmt heimildum Markaðarins, að bankinn taldi óheppilegt að vera hluthafi í Kaupþingi samtímis því að verið væri að ganga frá sölu á stórum hlut félagsins í Arion banka. Með því að losa um allan hlut bankans væri því ekki hægt að halda því fram að íslensk stjórnvöld hefðu í reynd óbeina aðkomu að sölu bankans sem einn stærsti hluthafi Kaupþings.

Meira en tvöfaldað hlut sinn

Allt frá því um mitt síðasta ár hefur Taconic Capital styrkt stöðu sína sem áhrifamesti eigandi Kaupþings með uppkaupum á bréfum annarra hluthafa. Á aðeins nokkrum mánuðum bætti sjóðurinn við sig rúmlega 20 prósentum í Kaupþingi en í dag er Taconic Capital langsamlega stærsti einstaki hluthafi félagsins með nærri 40 prósentu hlut. Heildareignir Kaupþings námu ríflega 400 milljörðum í árslok 2016 en óvissa um endanlegar heimtur hluthafa hefur einkum verið í tengslum við tiltekið eignasafn félagsins – svonefndar vandræðaeignir – en á síðasta ársfjórðungi fjórfaldaðist bókfært virði þeirra og nam 80 milljörðum. Þar munandi mestu um fyrrnefnda eingreiðslu þýska bankans til að ljúka ágreiningsmáli um viðskipti með skuldatryggingar Kaupþings á árunum fyrir 2008 í stað þess að fá úr því skorið fyrir dómstólum.

Hluthöfum Kaupþings var tilkynnt um niðurstöðuna við Deutsche Bank þann 25. janúar síðastliðinn en í fjárfestakynningu þýska bankans, sem birtist nokkrum dögum síðar, segir að samkomulagið við Kaupþing hafi verið gert í

40%

hlutur Taconic Capital í Kaupþingi gerir vogunarsjóðinn að langstærsta hluthafa eignarhaldsfélagsins.

Við teljum að virði krafna okkar á Kaupþing sé 100, mögulega eitthvað meira, miðað við að gangverð þeirra er 86.

Frank Brosens, stofnandi og eigandi Taconic Capital



október 2016. Kaupþing hefur ekki viljað staðfesta þá tímasetningu vegna „ríkra trúnaðarákvæða í samningum við Deutsche Bank“. Samkvæmt heimildum Markaðarins lágu fyrir drög að samkomulagi við þýska bankann í október, með ýmsum fyrirvörum, um að hann myndi greiða Kaupþingi rúmlega 400 milljónir evra og forðast þannig málaferli fyrir dómstólum. Samkomulagið var síðan endanlega frágengið í lok janúar og í kjölfarið var greiðslan innt af hendi til Kaupþings.

Seðlabankinn hefur svarað því til að hann hafi ekki haft neinar upplýsingar um viðskipti Kaupþings og Deutsche Bank fyrr en þau voru gerð opinber mörgum vikum eftir að bankinn seldi bréf sín í Kaupþingi. Í ársfjórðungslegum kynningum Kaupþings á seinni helmingi síðasta árs, meðal annars í kynningu stjórnenda í september sem Markaðurinn hefur undir höndum, kemur fram að félagið hafi verið í „virkum samskiptum“ við meirihluta mótaðila Kaupþings í stórum ágreiningsmálum í því skyni að kanna hvort hægt sé að ljúka þeim með samkomulagi í stað málaferla. Á þeim tíma nam bókfært virði vandræðaeigna Kaupþings aðeins 21 milljarði en nafnvirði krafanna var hins vegar yfir 700 milljarðar. Það var því ljóst að hagfelld niðurstaða Kaupþings í stórum ágreiningsmálum gæti aukið umtalsvert endurheimtur hluthafa, eins og reyndin hefur orðið.



VIÐ ERUM
MEÐ ÞÉR
TIL ÖRYGGIS

ÖRYGGIS
MIÐSTÖÐIN

TAKTU ÖRYGGIÐ MEÐ Í MYNDINA



Öryggismiðstöðin hefur um árabíl sérhæft sig í eftirlitsmyndavélum og myndavélakerfum og býður upp á fjölbreytt úrval lausna sem henta heimilum, stórum og smáum fyrirtækjum sem og stofnunum þar sem umfangsmikilla lausna er krafist. **Öflug kerfi á frábæru verði.**

Dæmi um eftirlitsmyndavélapakka með 4 myndavélum

Myndavélar sem hægt er að nota inni eða úti. Frábær myndgæði (4 Mpix). Innrautt ljós með allt að 20 metra drægni. Öflug og notendavæn upptökutölva. Hægt að skoða lifandi myndir og upptökur í gegnum app í snjallsíma.

Verð 128.340
m. vsk.

Hafðu samband og fáðu ókeypis ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar.

Hægt er að sníða kerfin algerlega eftir þörfum notenda og því bjóðum við allt frá einföldum kerfum upp í stór kerfi með hreyfanlegum véllum og mikilli sjálfvirkni.

EFTIRLITSMYNDAVÉLAR

Nánar á oryggi.is

Askalind 1 | Kópavogur | Sími 570 2400
Njarðarnesi 1 | Akureyri | Sími 470 2400



MARTEX

OPIÐ HÚS

Fimmtudaginn 6. apríl og
föstudaginn 7. apríl
kl 11-15

**Frábær
kynningartilboð**

Léttar veitingar í boði



GREIFF
SINCE 1802

Martex hefur hafið samstarf við snillingana í Þýskalandi sem framleiða hágæða fatnað fyrir starfsmenn hótela- og veitingahúsa.

MARTEX

Vinnufataverslun og heildverslun • Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík • 414 84 00 • www.martex.is

Það er óeðlilegt að gera þá kröfu að ef viðkomandi fái ekki stól formanns þá hafi hann ekki áhuga á að starfa að málefnum félagsins.

Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir



Ef traust er ekki til staðar er ekki hægt að ætlast til stjórnarsetu af viðkomandi stjórnarmanni.

Herdís Dröfn Fjeldsted



Samanlagður eignarhlutur þeirra lífeyrissjóða sem eru á meðal tuttugu stærstu hluthafa VÍS nemur í dag um 36 prósentum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Taka völdin og hafa augastað á Kvikku

Eftir kjör Svanhildar Nönnu til formennsku í VÍS er hópur einkafjárfesta sestur við stýrið í félaginu. Mikil átök einkennt störf stjórnar og fimmtán manns setið í stjórninni á tveimur árum. Ný stjórn vill bæta tryggingareksturinn og horfir til þess að fá meirihluta í Kvikku.

Hörður
Ægisson
hordur@frettabladid.is



Með kjöri Svanhildar Nönnu Vigfúsdóttur, fjárfestis og eins af stærstu hluthöfum VÍS, sem formanns stjórnar tryggingafélagsins í síðasta mánuði hefur einkafjárfestum í hluthafahópnum tekist að ná völdum í stjórn fyrirtækisins. Mikil átök hafa sett mark sitt á störf stjórnar VÍS á undanförunum misserum, sem hafa öðrum þræði snúist um ólíkar áherslur annars vegar fulltrúa lífeyrissjóðanna og hins vegar helstu einkafjárfesta félagsins, og birtist meðal annars í því að samtals hafa fimmtán manns setið í stjórn frá því í ársbyrjun 2015 og fjórir einstaklingar gegnt stöðu stjórnarformanns yfir sama tímabil. Jafn tíð stjórnarskipti á svo skömmum tíma er einsdæmi á meðal félaga sem eru skráð í Kauphöllinni.

Í aðdraganda aðalfundar VÍS var ljóst að ákveðinn hópur hluthafa, sem samanstóð einkum af hjónunum Svanhildi og Guðmundi Erni Þórðarsyni, Sigurði Bollasyni, fjárfestingafélaginu Óskabeini og sjóðastýringarfyrirtækinu Stefni, vildi ná fram breytingum á stjórn og stefnu félagsins. Þá hafði Svanhildur uppi áform að taka við sem formaður af Herdís Dröfn Fjeldsted, sem hefur verið studd af Lífeyrissjóði verslunarmanna, stærsta hluthafa VÍS, en hún hafði gegnt þeirri stöðu frá því í nóvember 2015. Svanhildur, en hún og eiginmaður hennar komu fyrst inn í hluthafahóp VÍS 2014 eftir að hafa selt Skeljungskömmu áður með milljarða hagnaði, átti í því skyni fundi með flestum af stærstu hluthöfum VÍS þar sem hún útlitast sínar áherslur og

Lagði fram tillögu á stjórnarfundum að ráða Birnu Einarsdóttur sem forstjóra

Ákvörðun þáverandi stjórnar VÍS að ráða Jakob Sigurðsson sem forstjóra í stað Sigrúnar Rögnu Ólafsdóttur, sem þá var eini kvenforstjóri fyrirtækis í Kauphöllinni, í lok ágústmánaðar í fyrra kom fæstum aðilum á markaði á óvart. Þrálátur orðrómur hafði verið um að staða hennar væri ótraust enda þótti afkoma af tryggingahluta rekstrarins óviðunandi og ávöxtun af fjárfestingaeignum var sömuleiðis mun lakari en hjá Sjóvá og TM.

Þrátt fyrir að ymsir hluthafar VÍS, einkum á meðal helstu einkafjárfesta félagsins, hafi þrýst mjög á að ráðast í slíkar aðgerðir strax eftir að ný stjórn var kjörin í apríl 2016, þar sem inn komu þrjú nýir stjórnarmenn, þá náðist ekki um það samstaða innan stjórnarinnar á þeim tímabil. Fallist var á málamyndatillögu, sem var einkum fyrir tilstuðlan Norðmannsins Josteins Sörvoll, að biðja með þá ákvörðun fram yfir sumarið sama

ár, samkvæmt heimildum Markaðarins. Það gekk eftir og þegar tilkynnt var um afkomu VÍS á fyrri árshefningu 2016, sem var undir væntingum, var ljóst að dagar Sigrúnar Rögnu í stóli forstjóra voru taldir.

Aðdragandinn að ráðningu nýs forstjóra var afar skammur og hófst leit að eftirmanni Sigrúnar Rögnu í reynd ekki fyrr en sama dag og árshlutauppgjöf VÍS var gert opinbert fimmtudaginn 25. ágúst. Nöfn ýmissa stjórnenda komu til umræðu á meðal stjórnarmanna félagsins en á fundi sem þeir áttu síðar í vikunni, samkvæmt örugnum heimildum Markaðarins, lagði Herdís Dröfn, þáverandi stjórnarformaður, fram þá tillögu að ráða Birnu Einarsdóttur, bankastjóra Íslandsbanka, sem nýjan forstjóra VÍS. Helga Hlín Hákonardóttir,



sem er meðal annars studd af Gildi lífeyrissjóði til setu í stjórninni, sagðist á fundinum styðja þá tillögu Herdísar.

Því fór hins vegar fjarri að einhugur væri í stjórninni um að ganga til viðræðna við Birnu um að hún tæki við forstjórastólnum. Þá er þess skemmst að minnast að Svanhildur og Guðmundur höfðu átt í hatrömmum deilum við Birnu og Íslandsbanka þegar þau voru eigendur Skeljungs á árunum 2009 til 2013. Þegar sumir af hluthöfum VÍS fréttu af tillögu Herdísar, einkum úr röðum einkafjárfesta, varð fljótt ljóst að það myndi aldrei nátt um ráðningu hennar – hvorki innan stjórnarinnar né meðal stærstu hluthafa VÍS – og var þeim skilaboðum komið skýrt á framfæri.

Í samtali við Markaðinn vildi Herdís aðspurð ekkert tjá sig um

þá tillögu að leita til Birnu um að taka við sem forstjóri né heldur hvort hún hefði verið búin að ræða þann möguleika við hana áður en tillagan var sett fram. Birna segir í svari til Markaðarins að enginn í VÍS hafi rætt þetta við hana.

Í kjölfarið stóð valið á milli Jakobs Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra Promens, og Sigurðar Hannessonar, framkvæmdastjóra eignastýringar Kvikku banka. Benedikt Gíslason, stjórnarmaður og fyrrverandi samstarfsmaður Sigurðar í MP banka og við vinnu stjórnvalda að áætlun um losun hafta, talaði helst fyrir því innan stjórnarinnar, með stuðningi einkafjárfesta félagsins, að Sigurður yrði ráðinn forstjóri. Af því varð ekki en eftir að hafa verið boðaðir í viðtöl náðist um það samstaða í stjórninni að ganga frá samkomulagi við Jakob sunnudaginn 29. ágúst að hann tæki við sem forstjóri. Sama dag var Sigrúnu Rögnu sagt upp.

upplýsti þá að hún myndi sækjast eftir formennsku, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Taldi sig hafa stuðning

Herdís taldi sig aftur á móti hafa stuðning meirihluta nýrrar fimm manna stjórnar til að gegna áfram formennsku í félaginu. Þannig var Helga Hlín Hákonardóttur, sem hafði setið í stjórn félagsins frá því í apríl 2016, þeirrar skoðunar að ekki væri ástæða til að skipta um formann og þá hélt Herdís að Valdimar Svavarsson, sem kom nýr inn í stjórnina og var einkum teft fram af Sigurði Bollasyni, hefði jafnframt heitið henni stuðningi í aðdraganda aðalfundar. Valdimar

var áður í fyrirtækjaráðgjöf Virðingar en hafði látið þar af störfum skömmu áður en tilkynnt var um framboð hans til stjórnar VÍS.

Það fór hins vegar á annan veg – og jafnframt eru deildar meiningar um það á meðal hluthafa hvort Valdimar og Sigurður hafi nokkurn tíma lofað því að styðja Herdís – og Valdimar studdi að lokum þá tillögu að Svanhildur yrði að formaður. Slíkt hið sama gerði Gestur Breiðfjörð Gestsson en hann er einn þeirra fjárfesta, ásamt meðal annars Andra Gunnarssyni lögmanni og Fannari Ólafssyni, sem standa að baki félaginu Óskabeini sem á 5,9 prósent í VÍS. Aðrir möguleikar voru ræddir varðandi verkaskiptingu

nýrrar stjórnar, til dæmis að Herdís yrði áfram formaður en Valdimar Svavarsson varaformaður, en ekki náðist sátt um þá niðurstöðu.


Tókst í annarri tilraun

Þá hafði Þórður Már Jóhannesson, fjárfestir og fyrrverandi forstjóri Straums-Burðaráss, einnig kannað þann möguleika að gefa kost á sér í framboð til stjórnar og hitt hluthafa félagsins – bæði lífeyrissjóði og einkafjárfesta – og leitað eftir stuðningi, samkvæmt heimildum Markaðarins. Ekkert varð hins vegar af þeim áformum og Þórður Már ákvað að gefa ekki kost á sér skömmu áður en frestur til þess rann út.

Aðeins um tveimur vikum eftir aðalfund VÍS þann 15. mars síðastliðinn tilkynnti Herdís að hún hefði ákveðið að segja sig úr stjórn félagsins. Í bréfi sem Svanhildur sendi í kjölfarið á ýmsa hluthafa félagsins, sem Markaðurinn hefur undir höndum og Vísir.is hefur áður greint frá, sagði hún ákvörðun Herdísar „vonbrigði“ en að hún hafi verið meðvitund um að Herdís hefði haft „væntingar“ um að vera áfram stjórnarformaður. Stjórn VÍS hafi talið að þetta væri „góður tímabilpunktur“ til breytinga. „Það er min skoðun,“ segir í bréfi Svanhildar, að „þegar fólk er í stjórn félags [...] að þá sé óeðlilegt að gera þá kröfu að ef viðkomandi fái ekki stól formanns



Viðburðir



MYND/EYÞÓR

Flytja inn stærsta dróna landsins

Dronefly er eina sérhæfða drónabúðin á landinu. Þar eru drónar til sölu og leigu og boðið er upp á viðgerðapjónustu. Dronefly á von á stærsta dróna landsins sem leigður verður út ásamt þaulreyndum drónaflugmönnum. ➔2



Framhald af forsiðu →

Dronefly flytur á næstunni inn dróna af gerðinni SHOT-OVER U1 sem verður þar með stærsti dróni landsins. „Þessi dróni er einn sá flottasti í bransanum í dag en framleiðandi hans er sá fremsti í heiminum í að smíða stöðugleikakerfi fyrir myndavélar á þyrlur,“ segir Arnar Þór Þórsson hjá Dronefly en dróninn verður notaður í allra stærstu verkefnum hér heima. „Eftirspurnin eftir slíkum dróna er til staðar enda hefur verið mjög vinsælt að skjóta bæði bíómyndir og auglýsingar á Íslandi.“ Hann segir drónann mikið notaðan úti í Hollywood en hann geti flogið með heildarþyngd upp á 30 kíló.

“Eftirspurnin eftir slíkum dróna er til staðar enda hefur verið mjög vinsælt að skjóta bæði bíómyndir og auglýsingar á Íslandi.

Arnar Þór Þórsson

Reyndir flugmenn

Stór hluti af starfsemi Dronefly er útleiga á drónum sem stjórnað er af starfsmönnum fyrirtækisins en þeir eru með um fimm ára reynslu í að fljúga drónum. „Við erum með dróna sem henta í hvaða verkefni sem er, allt frá litlum auglýsingum upp í þær stærstu. Við erum einnig að leigja út „Ronin Gimbal“ sem er stöðugleikakerfi fyrir myndavélar en það hentar bæði fyrir DSRL vélar upp í nánast fullvaxnar kvikmyndavélar.“ Flugmenn Dronefly fá sérstaka þjálfun í að stýra stóra SHOTOVER U1 drónanum. „Við erum með færustu og reyndustu drónaflugmenn landsins sem eru sérþjálfaðir á gimbal-búnað sem stýrir myndavélinni.“ Arnar segir þó nokkra list felast í því að stjórna dróna.



Stóri dróninn er af gerðinni SHOTOVER U1. Hann kemur til landsins innan skamms og verður notaður í stærstu verkefni við upptökur á auglýsingum og kvikmyndum. MYND/EYÞÓR

„Maður þarf að hafa auga fyrir skotinu og vita hvernig dróninn getur höndlað skotið. Tveir menn stjórna hverjum dróna, annar flýgur honum meðan hinn stjórnar myndavélinni og þetta teymi þarf að vera mjög samhent svo allt gangi upp.“

Bændur nýta dróna

Dronefly hefur til sölu dróna af gerðinni DJI sem Arnar segir að sé stærsta merkið á markaðnum í dag. Hægt er að fá dróna af ýmsum stærðum og gerðum á breiðu verðbili, allt frá 69 þúsund krónum og upp í milljón.

„Vinsældir dróna fara vaxandi og ýmsir sjá sér hag í því að nýta þá, bæði einstaklingar og fyrirtæki. Bændur eru til dæmis mjög hrifnir af drónum enda eru þeir mjög vinnusparandi. Þeir geta leitað að kindum og skoðað girðingar. Dronefly hefur einnig hannað flautu fyrir bændur til að nota við smalamennsku. Þá hafa garðyrkjumenn til dæmis notað þá til að taka fyrir- og eftir-myndir,“ lýsir Arnar.


DJI-drónarnir eru afar notendavænir. „Þeir tengjast allt að 21 gervitungli og stinga þannig ekki af undan vindi. Þeir halda sér á punktinum ef fjarstýringu er sleppt og þar af leiðandi mjög stöðugir. Þeir koma sjálfir heim á heimapunkt og geta einnig elt þig. Þeir bjóða upp á marga fleiri eiginleika sem hjálpa þér að ná þínu fullkomna skoti,“ segir Arnar. Hann bætir við að DJI-drónarnir hafi svokallað gáfað batterí. „Dróninn lætur vita ef hann er að verða batterislaus og passar að láta vita í tíma svo að hann hafi nægt batterí til að snúa við og fljúga heim. Þá byrjar hann að lækka flugið ef hættulega litil hleðsla er á batteríinu.“

Viðgerðarþjónusta og námskeið


Hjá Dronefly er rekin viðgerðarþjónusta sem er sú eina á landinu sem sérhæfir sig í viðgerðum á drónum. Hátækniverkfræðingur með sérmenntun í ómönnum loftföllum frá Bretlandi starfar þar við viðgerðir. „Við gerum við allar tegundir flygilda, og eigum flesta varahluti til á lager fyrir DJI-dróna. Við græjum þá á einum eða tveimur dögum ef varahluturinn er til á lager hjá okkur.“

Dronefly mun einnig bjóða upp á námskeið fyrir byrjendur og lengra komna. „Þar förum við yfir það helsta sem þarf að vita varðandi reglur, umhirðu og viðhald á drónanum og svo auðvitað hvernig á að fljúga í fyrsta skipti og hvernig skal bregðast við og koma í veg fyrir óhöpp.“

Dronefly, Krókhálsi 6, s. 566-6666
Nánari upplýsingar á www.dronefly.is



Dronefly rekur viðgerðaverkstæði sem sérhæfir sig í viðgerðum á drónum.



Dronefly leigir einnig út Ronin Gimbal stöðugleikakerfi fyrir myndavélar.

“Bændur eru til dæmis mjög hrifnir af drónum enda eru þeir mjög vinnusparandi. Þeir geta leitað að kindum og rekið þær, skoðað girðingar og fylgst með landinu sínu.

Ein ákvörðun getur öllu breytt

www.allraheill.is

D.O.H.O.P
FÖSTUDAGA KL. 19:45

ASISKI DRAUMURINN

MARGFALT SKEMMTILEGRI
1817 | 365.IS | 365

RECAST SVEFNSÓFI

LÆKKAÐ
VERÐ
119.900 kr.

sófi sem breytist í rúm á
augabragði - góð springdýna
svefnflötur 140x200 cm




Skemill kr. 33.200

INNOVATION




Avignon 3ja sæta sófi 208 cm kr. 191.800



Rugged Mottur 170x240
kr. 49.900

Dot skápur
kr. 94.600



Sham - 2 saman
kr. 77.800



Woodland
kr. 22.700



Minimal
kr. 8.700



Bow lampi
kr. 43.200



Dot sjónvarpsskápur 162 cm kr. 71.800



Cupid
kr. 32.900



Paloma kr. 77.400

LÍNAN

BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16

Langt ferðalag um lendum skringilegra sagnaheima

Næsta föstudag opnar listamannahópurinn (gisp!) sýningu í myndasögudeild Borgarbókasafnsins í Grófinni í Reykjavík.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Listamannahópurinn (gisp!) opnar sýningu í myndasögudeild Borgarbókasafnsins í Grófinni næsta föstudag en þar mun hann sýna úrval nýjustu myndasagna sinna auk nokkurra gullmola úr fortíðinni.

Meðlimir hópsins eru Bjarni Hinriksson, Halldór Baldursson, Jóhann Ludvig Torfason og Þorri

Hringsson en opnunin er einnig útgáfuteiti nýjasta heftis þeirra, sem er að sögn Bjarna Hinrikssonar líklega heilsteyptasta og besta tölublað sem þeir hafa sent frá sér. „Við munum stækka staka ramma og síður úr sögum nýjasta tölublaðsins og komum þeim myndum fyrir innan um myndasögur bókasafnsins. Þetta er á engan hátt hefðbundið sýningar-rými og efnið á veggjunum vegur salt á milli áhorfs og lesturs.“


Hann segir þá félagi finna sig betur og betur í þessu ferðalagi um lendum skringilegra og eilítið sjálfhverfra sagnaheima. „Þorri og Halldór vinna áfram með persónur sem þeir kynntu til sögunnar fyrir mörgum árum og stinga reglulega upp kollinum: Teddy Transformer, Bob Mórall, Gaga og Púkö. Jóhann sýnir okkur margar (fram)hliðar á Reykjavík og sjálfur reyni ég að tyna mér úti í geimnum.“

Vildu alþjóðlega tengingu (gisp!) varð til árið 1990 en þá var Bjarni nýkominn úr námi við myndasögudeild listaskólans í Angoulême í Frakklandi. Á sama tími vissi hann að Halldór Baldursson og fleiri nýútskrifaðir úr Myndlista- og handiðaskólanum



Meðlimir (gisp!) f.v.: Þorri Hringsson, Halldór Baldursson, Jóhann L. Torfason og Bjarni Hinriksson.

Fjölmarginir ungrir höfundar hafa stigið fram, breiddin og tæknileg kunnátta er meiri en áður.



Opnun sýningarinnar á föstudag er einnig útgáfuteiti nýjasta heftis þeirra féлага.

höfðu áhuga á myndasögum. „Við fórum að spjalla og fyrr en varði var kominn hópur sem vildi ráðast í útgáfu myndasögublaðs með frumsömdum sögum. Að útgáfu fyrsta blaðsins stóðu, auk okkar Halldórs, Jóhann L. Torfason, Þorri Hringsson, Ólafur J. Engilbertsson, Þórarinn B. Leifsson og Bragi Halldórsson. Þrír þeir síðastnefndu heltust smám saman úr lestinni og eftir voru þeir fjórir sem í dag mynda hópinn.“

Bjarni segir að fljótlega eftir útgáfu fyrsta tölublaðsins hafi þeim orðið ljóst að þeir væru líklega of listrænir fyrir myndasöguheiminn og of myndasögulegir fyrir listheiminn. „Við helltum okkur því án nokkurra málamiðlana út í myndasöguhafsjó tilraunastarfsemi og persónulegrar tjáningar með sterkum skirskotunum í sögu og hefð myndasögunnar.“

Hann segir nafn hópsins vera skammstöfun á Guðdómleg innri spenna og pína. Um leið sé það vísan í þá myndasöguhefð sem við þekktum sem börn. „Í dönsku Andrésblöðunum tekur Andrés ídulega andköf þegar hann stendur frammi fyrir aðstæðum sem koma honum á óvart og valda honum angst og undrun. Á ensku er þessi upphrópun (gasp!), á íslensku er hún oftast (geisp!). Það fannst okkur fremur þunglamalegt og svæfandi, við vildum alþjóðlega tengingu sem sameinaði sjálfskapaða pínu listamannsins og barnslega gleði hans yfir sakleysi liðinna daga.“

Betri staða en áður

Þeir hafa á þessum tíma gefið út tólf tölublað af myndasögublaðinu

(gisp!) í fjölbreyttu broti. „Stundum hafa þetta verið bækur frekar en tímarit og stundum sýningar-skrár því (gisp!) hefur ekki síður birst almenningi í sýningarrýmum en á pappír. Þar ber hæst Nína, myndasögumessu sem (gisp!) skipulagði í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur 2005. Við höfum sýnt erlendis og stefnum á fleiri verkefni af því tagi enda þroskaferli (gisp!) um margt líkt því sem gerst hefur beggja vegna Atlantshafsins síðustu þrjátíu ár.“

Aðspurður um stöðu íslensku myndasögunnar segir hann hana vera betri en áður. „Fjölmarginir ungrir höfundar hafa stigið fram, breiddin og tæknileg kunnátta er meiri en áður og einnig virðast nýir útgefendur sýna myndasögum aðeins meiri áhuga. Ennþá vantar reglulegri og sýnilegri útgáfu auk sagna sem ná til stærri hóps lesenda en mér virðist grunnurinn vera að styrkjast.“

Sýningin verður opnuð föstudaginn 7. apríl kl. 16 á 2. hæð Borgarbókasafnsins í Grófinni. Nánari upplýsingar má finna á www.borgarbokasafn.is.



Fermingargjafir í úrvali



Gítarinn ehf

Stórhöfða 27 • 110 Reykjavík • S: 552-2125
gitarinn@gitarinn.is • www.gitarinn.is



365 | Apple tv

Íslensk valmynd og tímaflakk.



Tilboð gildir til 28. apríl

MEIRI HRAÐI, SKARPARI MYND, BETRA VIÐMÓT

APPLE TV 4 Á 0 KR.

Við hjá 365 leggjum metnað í að þú njótir fyrsta flokks skemmtunar á sem bestan hátt. Með **365 sjónvarp á Apple TV** færðu meiri hraða, skarpari mynd og enn betra viðmót í sjónvarpi framtíðarinnar.

Nú getur þú fengið þér Apple TV 4 með áskrift að efni frá 365 og sparað tugi þúsunda því við bjóðum þér **Apple TV á 0 krónur með 12 mánaða áskrift** að völdum pökkum 365.

Nánar á 365.is eða í síma 1817.

Tilboðið gildir með völdum sjónvarpspökkum 365 til 28. apríl 2017.

EPLI VALITOR

Í samstarfi við Epli og Valitor



MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | **365**

Smáauglýsingar

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



SUZUKI Grand vitara premium+ (cruise, a/c, álfelgur). Árgærd 2012, ekinn 102 þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 2.090.000. Rnr.103550.



SUZUKI Grand vitara. Árgærd 2013, ekinn 113 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 girar. Verð 2.290.000. Rnr.103504.

Braut Bílasala
Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík
Sími: 587 6600
bilabraut@bilabraut.is
www.bilabraut.is

BÍLAMARKAÐURINN



HONDA Cr-v. Árgærd 2016, ekinn 45 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 5 girar. Verð 4.290.000. Rnr.109541. BÍLAMARKAÐURINN 5671800



HONDA Cr-v. Árgærd 2005, ekinn 192 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 girar. Verð 850.000. 100% visalan Rnr.223952. BÍLAMARKAÐURINN 5671800



HONDA Jazz 1,4i Is. Árgærd 2006, ekinn 122 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 590.000.100% visalan Rnr.224036. BÍLAMARKAÐURINN 5671800

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogur
Sími: 567 1800



Suzuki fjörgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneynir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is



KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

Bílar til sölu



Toyota Prius Hybrid 2009. Sjálfsk. Verð: 999þ. kr. S. 6162597

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Bergfinnur ehf. Bílaviðgerðir, sérgrein, bremsuviðgerðir. Sími 892 7852 Sævar.

Hjólbarðar



NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Varahlutir

Startarar & alternatorar

í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði

Sími 564 0400
www.bilaraf.is

Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðuðu heimasíðuna okkar aigluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

MARÁS

TOHATSU UTANBORÐSMÓTORAR



Léttir Fyrirferðalittir Hljóðlátir
Kraftmiklir Sparneynir 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael's. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

GÓÐIR UM PÁSKANA



MAZDA 6 s/d optimum. Árgærd 2015, ekinn aðeins 13 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 girar. **Tilboð 3.980.000. Ásett verð 4.490.000** Rnr.212076.



BMW 318d gt. Árgærd 2015, ekinn 43 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 4.250.000.** Rnr.212142.



RENAULT Clio expresson. Árgærd 2014, ekinn aðeins 14 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. **Verð 1.980.000.1** eigandi Gullmoli Rnr.115739



SKODA Octavia ambiente combi 4x4. Árgærd 2006, ekinn 187 þ.KM, dísel, 6 girar. **Verð 990.000.ný** skoðuður án ATH Rnr.115752.



SKODA Octavia scout. Árgærd 2015, ekinn 73 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. **Tilboð 3.990.000. Ásett verð 4.550.000** Rnr.211823.



TOYOTA Land cruiser 120 gx. Árgærd 2009, ekinn 170 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 girar. **Tilboð 3.980.000. Ásett verð 4.490.000** Rnr.211974.



TOYOTA Land cruiser 150 gx. Árgærd 2015, ekinn 42 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 girar. **Tilboð 6.490.000. Ásett verð 7.490.000** Rnr.115742.



AUDI Q5 quattro. Árgærd 2014, ekinn 8 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 girar. **Tilboð 6.750.000. Ásett verð 7.450.000** umboðsbíll Rnr.211862.



VOLVO Xc60 r-design awd. Árgærd 2013, ekinn 45 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. **Tilboð 4.980.000. Ásett verð 5.490.0001** eigandi og umboðsbíll Rnr.340430.



SUZUKI Vitara s boosterjet allgríp. Árgærd 2016, Nýr bensín, sjálfskiptur 6 girar. **Verð 4.430.000.** samskonar bíll í umboði kostar 4.930.000 kr Rnr.212017.



MERCEDES-BENZ MI 350 bluetec 4matic. Árgærd 2014, ekinn 36 þ.KM, dísel, sjálfsk.. **Verð 7.990.000.** Umboðsbíll, ný kominn úr þjónustusköðun Rnr.212012.



VOLVO Xc90 t8 hybrid. Árgærd 2016, ekinn 4 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 10.890.000.** Mjög vel útbúinn Rnr.115516.



GMC Sierra denali 3500hd nýja vélín. Árgærd 2017, N'YR, dísel, sjálfskiptur. **Verð án vsk 8.620.000.** Rnr.21296.

567 2277 **NÝJA** WWW.NYJA.IS

BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-15 • Lokað sunnudaga.
Sími utan opnunartíma • S. 861 2165



Bílafjármögnun Landsbankans

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Bókhald



Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

SÁ SÍMASPÁ Í

S. 844 6845 / 462 4564

Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolli. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

661 3839 - SÍMASPÁ

Opið frá kl. 14 alla daga.

Rafvirkjun

DYRASÍMAR, LJÓS-NET.

S. 777 4944

Viðgerðir og endurnýjun. Rafeindameistarinn ehf

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsviðhald

• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Keypt & Selt

Til sölu



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.

Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnara til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar



VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA

Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðing, panill, pallaefni, parket, útihúðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Heilsa

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantrateemple.is

Tómstundir & Ferðir

Ferðalög



Fastaleigustæði er til leigu. Tjaldsvæðið Systragil. Upplýsingar gefnar í síma 860-2213

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

KÖKUHORNID

Röskur starfskraftur óskast í afgreiðslustarf í bakarí okkar í Bæjarlind sem fyrst. Sveigjanlegur vinnutími. Íslenskukunnátta skilyrði.

Uppl. gefur Gréta í s. 867 1433 milli kl. 9-18 og kokuhornid@kokuhornid.is



KJÖTHÖLLIN SKIPHOLTÍ 70

Óskar eftir að ráða starfsmann til útkeyrslu- og þökkunarstarfa. Upplýsingar veitir Björn Christensen í síma 553 1270.

Umsóknir og ferilskrá má senda á kjothollin@kjothollin.is

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafid störf með skómmum fyrirvara.

Proventus starfsmannabjónusta - proventus.is

Sími 551-5000

Netfang proventus@proventus.is

FYRIR AÐSTOÐ INNLANDS

gjofsemgefur.is
907 2002



GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is
907 2003



Atvinna



Sölumaður óskast

Braut BÍlasala leitar af öflugum liðsmanni.

Í boði er skemmtilegt starf hjá ört vaxandi fyrirtæki í sölu bifreiða, um framtíðarstarf er að ræða. Áhugasamir sendi upplýsingar um aldur og fyrri störf og menntun á netfangið gunnar@bilabraut.is

Umsóknarfrestur er til 12. apríl 2017

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál, öllum umsóknum verður svarað.

Til sölu



Ekinn **13.000**

AUDI Q7 **10.690.000** KR
QUATTRO 3.0 TDI 01/2016

Design pakki, leiðsögukerfi, virtual mælaborð, 20" álfelgur, sumar- og vetrardekk, loftþúfaafjórðun, Audi connect, dökkar rúður, sportstýri, Audi smart phone, Audi phonebox, svört þakklæðing, Bose sound system o.fl.



Klettháls 13 · HeklaNotadirBilar.is · 590 5040

Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



Tilboð

Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir á aðeins 5.500.-

Verið hjartanlega velkomin.

Tímamantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá



Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífnum og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

Fasteignir



Garðaflöt 27

Garðabæ

OPIÐ HÚS

fimmt. 6.apríl kl.18:30-19:00



Fallegt einbýlishús á einni hæð
Stærð 171,5 fm - Stór lóð 805,0 fm
Stofur bjartar með stórum gluggum
Þrjú svefnherbergi (á teikningu fjögur)
Fjölskylduvænt og hús
Frábær staðsetning, (börn þurfa ekki
að fara yfir stofnbraut í skóla)



Nánari upplýsingar veitir
Jörunn Skúladóttir
löggitur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **72,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **569 7000** Lág múla 4 **www.miklaborg.is**
MIKLABORG Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggitur fasteignasalar
- með þér alla leið -

Útboð

Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

Útboð á byggingu hreinsivirkis á Höfn

Verkið felur í sér byggingu á hreinsistöð fyrir fráveitu að Miðósi 8, Höfn í Hornafirði.

Þegar hafa verið lagðar fráveitulagnir að og frá lóðinni en bygging skal stöð sem tekur við skólpi frá öllu þéttbýlinu, grófhreinsar það og lyftir upp svo það geti runnið áfram út um sjávarútrás.

Verkið felst í að grafa niður á klöpp, taka klöpp í hæð, fylla undir mannvirkið og steypa það upp. Gangi þarf frá tilbúinni stöðinni að öllu leyti öðru en að útþáa stýringar fyrir stjórnþúnað. Leggja þarf lagnir að og frá stöðinni og koma fyrir tengibrúnni aftan við hana.

Helstu magnþölur eru u.þ.b.:

Gröftur v/byggingar	3.300 m ³
Fylling v/byggingar	3.000 m ³
Neðra burðarlag	1.500 m ³
Steinsteypa	230 m ³
Fráveitulagnir	116 m
Bygging hreinsistöðvar	146 m ²

Miðað er við að full ljúka öllum verkþáttum útboðs.

Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Gunnlaug Róbertsson á skrifstofu sveitarfélagsins eða með tölvupósti í netfangið utbod@hornafjordur.is, nauðsynlegt er að gefa upp um hvaða gögn er beðið um og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin afhent rafrænt.

Útboðsgögn má einnig nálgast á skrifstofu Sveitarfélagsins Hornafjarðar að Hafnarbraut 27 Höfn frá og með þriðjudeginum 4. apríl 2017 gegn 5.000 kr. greiðslu.

Tilboðsgjafar skulu vera búnir að skila inn tilboði eigi síðar en þriðjudaginn 25. apríl 2017 kl. 11:00 er þau verða opnuð samtímis í viðurvist þeirra bjóðenda sem óska eftir að vera viðstaddir.

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Tilboð er bindandi í 5 vikur frá opnunardegi.

Tilkynningar

LANDSNET

Krafla - Fljótsdalur

Landsnet hefur lagt fram frummatsskýrslu fyrir Kröflulínu 3 til athugunar hjá Skipulagsstofnun.

UM VERKEFNIÐ

Kröflulína 3 fer um þrjú sveitarfélög: Skútu- staðarhrepp, Fljótsdalshérað og Fljótsdalshrepp. Áætluð lengd línunnar er 122 km og mun hún liggja að mestu samsíða Kröflulínu 2. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta raforkuflutningsskerfið, auka stöðugleika og gæði orkuafhendingar á Norður- og Austurlandi.

Í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar er loftlína aðalvalkostur. Jafnframt er lagt fram mat á nokkrum jarðstrengskostum á línuleiðinni. Í frummatsskýrslunni er lagt mat á þætti eins og gróður, fuglalíf, jarðmyndanir, fornleifar, náttúruvernd, neysluvatn og vatnsvernd, útivist og ferðamennsku, landnotkun á afrétti, áhættu og öryggismál.

KYNNING FRUMMATSSKÝRSLU

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 16. mars til 5. maí 2017 á eftirtöldum stöðum: Á bókasafninu á Egilsstöðum, á Amtsbókasafninu á Akureyri á sveitar- skrifstofum Skútustaðahrepps, Reykjahlíð og Fljótsdalshrepps, Végarði og bæjarskrifstofum Fljótsdalshéraðs, Egilsstöðum, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is, á vef Landsnets: www.landsnet.is, og á vef verkfræðistofunnar EFLU: www.efla.is.


KYNNINGARFUNDIR

Niðurstöður frummatsskýrslu verða kynntar á opnu húsi miðvikudaginn 5. apríl frá kl. 18:00 - 21.00 í Nauthól í Reykjavík.

ATHUGASEMDAFRESTUR

Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 5. maí 2017 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Fasteignir



Opið hús í dag

miðv.d. 05.04. kl.17,00-17,30

Engihjalli 19, 200 Kópavogur

Snotur 2ja herb. vel skipulögð 68,7 fm íbúð á 7.hæð í fjölbýlishúsi með lyftu. Stórar vestur svalir, þvottahús á hæðinni. V.28.9m.

Upplýsingar veittar : steinarb@mi.is

Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

www.talentrading.is



talent@talentrading.is
bryndis@talentrading.is
Sími: 552-1600

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is



Gengispróun síðustu tólf mánaða

SIJÓVÁ 54,41%

TM 66,29%

VÍS 29,01%

Þá hafi hann ekki áhuga á að starfa að málefnum félagsins. Slíkt getur hreinlega ekki talist góðir og tilhlýðilegir stjórnarhættir.

Herdís brást við bréfi Svanhildar síðar sama dag og sendi frá sér yfirlýsingu þar sem hún sagði að það hefði verið „allan tímann skýrt af minni hálfu að ég sóttist eftir því að gegna áfram formennsku í stjórn félagsins og taldi ég mig hafa stuðning meirihluta stjórnar til þess. Á fyrsta fundi stjórnar kom í ljós að sá stuðningur reyndist ekki vera til staðar. Það fylgir því mikil ábyrgð að sitja í stjórn tryggingafélags og afar mikilvægt að innan stjórnar ríki algert traust um vinnubrögð og starfshætti stjórnar. Um þetta varð ágreiningur í aðdraganda aðalfundar og á fyrsta fundi. Ef traust er ekki til staðar er ekki hægt að ætlast til stjórnarsetu af viðkomandi stjórnarmanni.“ Í samtali við Markaðinn við vinnslu þessar umfjöllunar vildi Herdís ekkert tjá sig umfram það sem fram kemur í yfirlýsingunni.

Þetta var ekki í fyrsta sinn sem sami hópur einkafjárfesta hafði gert atögu að formennsku í félaginu. Á aðalfundi árið áður töldu þeir að samkomulag hefði náðst um það á meðal hluthafa að Benedikt Gíslason, sem þá kom nýr inn í stjórnina, myndi taka við sem formaður VÍS, samkvæmt heimildum Markaðarins. Svo fór ekki enda þótt Benedikt hefði fengið mestan stuðning í atkvæðagreiðslu á aðalfundi félagsins en Herdís varð með fjórðu flestu atkvæðin að baki sér í stjórninni.

Sjá tækifæri í Kviku

Að sögn heimildarmanna Markaðarins, sem þekkja vel til innan VÍS, ættu breytingar sem nú hafa orðið á stjórninni að auka líkur á því að tryggingafélagið muni áður en langt um liður falast eftir meirihluta í Kviku fjárfestingabanka. Tilkynnt var um kaup VÍS á 22 prósentu hlut í Kviku í ársbyrjun en skömmu áður hafði Sigurður Bollason og hjónin Svanhildur og Guðmundur, sem samanlagt eiga um 16 prósentu hlut í VÍS, keypt samtals 15 prósentu hlut í fjárfestingabankanum. Guðmundur tók fyrir skemmstu sæti í stjórn Kviku en vitað er að hann og Svanhildur, ásamt Sigurði og öðrum einkafjárfestum í hluthafahópi VÍS, hafa talað hvað mest fyrir kaupum eða sameiningu við Kviku, meðal annars í því skyni að ná fram samlegðaráhrifum í eignastýringarstarfsemi.

Í fyrrnefndu bréfi Svanhildar til hluthafa VÍS er bent á að með kaupum VÍS á stórum hlut í Kviku í janúar hafi verið „opnaðar dyr að frekari útvíkkun“ á starfsemi tryggingafyrirtækisins. „Forstjóri félagsins hefur kynnt þetta sem eignadreifingu í fyrsta fasa með möguleika á að nýta þetta sem frekara skref í þróun á starfssviði félagsins,“ segir í bréfinu. Hún bendir hins vegar á að stefnumótunarvinna og ákvörðun um fjárfestingu VÍS í Kviku og „hugmyndavinna tengd þeim kaupum var unnin af forstjóra og þeirri stjórn sem sat fram að síðasta aðalfundi“. Gert er ráð fyrir því að á „næstu vikum“ gefist nýrri stjórn tækifæri til að kynna betur þessa vinnu fyrir hluthöfum VÍS.

Samkvæmd heimildum Markaðarins hafa málefni Kviku þegar verið til umræðu á fundi nýrrar stjórnar félagsins. Í bréfinu til hluthafa áréttar Svanhildur aftur á móti að hún komi „ekki að ákvörðunum í stjórn í málum sem hafa með hlut félagsins í Kviku að gera“ enda séu meðal annars skýr ákvæði í hlutfélagalögum um hvornig eigi að forðast slíka hagsmunaárekstra.

Fimmtán stjórnarmenn á tveimur árum

					febrúar 2015
					mars 2015
					ágúst 2015
					nóvember 2015
					apríl 2016
					nóvember 2016
					mars 2017

Langvarandi óánægja

Þrátt fyrir að það sé ekki yfirlýst markmið nýrrar stjórnar að „kollvarpa og gjörbreyta því starfi sem unnið er innan“ VÍS, eins og segir í bréfi Svanhildar, þá er það er ekkert launungarmál að helstu einkafjárfestar félagsins – og einnig Stefni – hafa verið mjög gagnrýnir á að stjórnendum hafi ekki tekist að rétta við dræma afkomu í samanburði við TM og Sjóvá. „Það hefur því miður verið of mikið um breytingar á stjórn VÍS undanfarin ár. Stjórnarmenn hafa komið og farið og því miður hefur niðurstaða viðkomandi allt of oft verið sú að stjórnarmönnum finnst þeir ekki hafa komið í gegn breytingum sem voru nauðsynlegar til að bæta árangur félagsins. Þessu vil ég breyta,“ segir í bréfinu.

Óánægja á meðal hluthafa VÍS er ekki ný af nálinni. Hún náði líkast til hámarki þegar stjórn VÍS tók ákvörðun í mars 2016 um að lækka boðaða arðgreiðslu til hluthafa, sem var ekki sist hugsuð til þess að ná fram hagkvæmari fjármagnsskipan, úr 5 milljörðum í ríflega 2 milljarða eftir mikla gagnrýni sem kom upp í samfélaginu vegna fyrirhugaðra arðgreiðslna tryggingafélaganna þriggja. Þetta mæltist afar illa fyrir hjá stærstu einkafjárfestum félagsins enda höfðu sumir þeirra, meðal annars félagið Óskabein, fjármagn að kaup sín í VÍS á sínum tíma að stærstum hluta með bankaláni. Þeir höfðu því mikla hagsmuni af því að tryggingafyrirtækið myndi fara að skila bættri afkomu svo arðgreiðslur gætu dugað til að standa straum af fjármagnskostnaði hluthafa vegna kaupanna.

Sú ákvörðun stjórnar VÍS var ekki hvað sist tekin eftir að sumir af stærstu lífeyrissjóðunum í hluthafahópnum höfðu farið fram á það við tiltekna stjórnarmenn að falla frá fyrri arðgreiðslutillögu. Í kjölfarið hefur verið afar „þung undiralda“ á meðal einkafjárfesta félagsins, eins og einn viðmælandi Markaðarins orðar það, að ná fram breytingum þannig að lífeyrissjóðirnir hefðu ekki tögl og hagldir í stjórn félagsins. Einu ári síðar hefur það markmið tekist og einkafjárfestarnir eru sestir við stýrið.

Til sölu: Hótel fasteign í miðborginni

Til sölu ný 24 herbergja hótel fasteign á mótum Rauðarárstígs og Háteigsvegjar. Hótelid er hið glæsilegasta, en húsið var allt tekið í gegn árið 2016 og því fylgja 17 bílastæði. Langur leigusamningur er við öflugan og traustan rekstraraðila. Í öllum herbergjum er að finna ísskáp, ofn, eldavél, örbylgjuofn, uppvottavél, og fallegar eldhúsinnréttingar með granít borðplötum. Herbergin eru með sér baðherbergi. Innréttingar og aðbúnaður er eins og best verður á kosið.



Frekari upplýsingar veitir: Guðni Halldórsson, gudni@kontakt.is
Viðskiptatækifæri á www.kontakt.is

KONTAKT

Fyrirtækjaraðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200



Gamla Nintendo NES langvinsælust

Par í Kópavogi stofnaði vefverslunina Retrólíf þar sem það selur gamlar leikjatölvur og tölvuleiki. Byrjaði sem áhugamál fyrir rúmum áratug en selja nú Nintendo, Sega Mega Drive og PlayStation. „Margir vilja finna aftur æskuárin í gegnum gamla tölvuleiki.“

„Þetta er fjölskyldufyrirtæki ef svo má segja en við konan mín stöndum að þessu,“ segir Kristinn Ólafur Smáráson, eigandi vefverslunnar Retrólíf, sem selur gamlar leikjatölvur og tölvuleiki ásamt unnustu sinni Heiðrúnu Matthildi Atladóttur.

Vefverslunin var opnuð í nóvember í fyrra en þar selja þau Kristinn og Heiðrúna notaðar tölvur á borð við Nintendo NES, Sega Mega Drive

og PlayStation. Þar má einnig finna sjaldgæfa tölvuleiki sem ekki hafa verið seldir hér á landi í um 30 ár, eða jafnvel aldrei, og aukahluti eins og fjarstýringar og minniskubba.

„Ég hef verið að væflast í þessum klassísku tölvum síðasta áratuginn eða svo og safnað þeim og gömlum leikjum í langan tíma. Á endanum var ég kominn með gott safn af alls konar dóti og maður var farinn að fá fyrirspurnir á Facebook, Blandi og fleiri stöðum. Mig langaði því að prufa að opna litla vefverslun með þessar vörur og lét verða af því. Þetta fékk strax talsverða athygli og ég fæ mikið af fyrirspurnum um hina ýmsu leiki og tölvur og þá reynir maður að hlaupa til og reidda,“ segir Kristinn.

Nintendo NES sló í gegn á níunda áratug síðustu aldar og hana mátti finna á mörgum íslenskum heimilum. Tölvun og leikir hennar eru að sögn Kristins vinsælustu vörurnar hjá Retrólífi en einnig er talsverð eftirspurn eftir leikjatölvu sem kom út um fimmtán árum síðar.



Kristinn Ólafur Smáráson stofnaði Retrólíf.is eftir að hann hafði safnað tölvuleikjum í meira en áratug. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

„Það kom mér mjög á óvart hversu vinsæl PlayStation 2 er og leikir henni tengdir. Það er augljóslega eitthvert „költ-following“ í kringum hana hér á landi,“ segir Kristinn.

Er mikil eftirspurn eftir þessum vörum? „Ég segi nú ekki að það sé talsverð eftirspurn en þetta er sérstakur markaður og það er alltaf einhver sala. Ég er ekki á kafi í vinnu yfir þessu en það er vissulega áhugi og margir sem vilja finna aftur æskuárin í gegnum gamla tölvuleiki,“ segir Kristinn og bætir við að hann

sé í fullu starfi hjá tæknifyrirtækinu GoMobile.

Kaupirðu tölvurnar og leikina hér heima eða á netinu? „Ég geri hvort tveggja. Ég er búinn að vera á spjallborðum um alls konar tölvur og farinn að þekkja fólk með sama áhugamál um allan heim; í Japan, Þýskalandi, Skandinavíu og Ástralíu. Ef fólk vantar eitthvað mjög sérstakt get ég alltaf leitað til vissra aðila en maður reynir að halda innkaupunum þannig ef það er hægt.“

haraldur@frettabladid.is

Ég hef verið að væflast í þessum klassísku tölvum síðasta áratuginn eða svo og safnað þeim og gömlum leikjum í langan tíma.

Kristinn Ólafur Smáráson

Sjónvarpsdreifikerfi
fyrir hótél, gistiheimili og skip.

ÖREIND – Tengir þig við framtíðina!

Auðbrekku 3 • Kópavogur • s. 564 1660
oreind@oreind.is • www.oreind.is

sart SAMTÖK RAÐVERKTAKA

Við vinnum að sölu á eftirtöldum fyrirtækjum:

- Iðnfyrirtæki á Reykjavíkursvæðinu sem þjónustar nokkur stærstu fyrirtæki landsins, smíða úr áli, stáli og sinna sérhæfðum viðhaldsverkefnum.
- Veitingaþjónusta hjá Golfklúbbi Reykjavíkur.
- Sérhæft matvinnslufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Framleiðsla matvæla í háum gæðaflokki. Góður hagnaður.
- Verslun með alþjóðlegt vörumerki, fatnaður fyrir konur og karla. Mjög góður hagnaður.
- Topp veitingastaðir í 101 Reykjavík og víðar.
- Kaffihús í 101, mjög arðbær rekstur.
- Heildverslun með sælgæti.
- Sérhæfð bílaleiga.
- Sérverslun í austurbæ Reykjavíkur

INVESTIS

Lækjargötu 2, 2. hæð | Sími 546 1100 | investis@investis.is

Hjólaði um 5.000 kílómetra í fyrra

Svipmynd

Árni Stefánsson

Árni Stefánsson, forstjóri Húsasmiðjunnar, er 43 ára viðskiptafræðingur með MBA frá Háskólanum í Reykjavík. Hann var áður framkvæmdastjóri Bílanausts, framkvæmdastjóri vöru- og rekstrarsviðs N1 og forstöðumaður markaðs- og rekstrardeildar fyrirtækjasviðs Ólíufélagsins Esso. Að auki er hann nýskipaður í stjórn Lifeyrissjóðs verzlunarmanna, er í stjórn Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ) og situr hér fyrir svörum í Svipmynd Markaðarins.

Hvað hefur komið þér mest á óvart það sem af er ári? Það hefur komið mér á óvart að Donald Trump láti enn eins og hann sé að stýra raunveruleikabætti þar sem stöðugt þarf að koma með bombur til að halda áhorfstöllum uppi. Hér heima hefur veðurbliðan í janúar og febrúar komið mér nokkuð á óvart ásamt því að Seðlabankinn hafi enn ekki lækkað vexti.

Hvaða app notarðu mest? Ég nota Strava og Spotify líklega mest. Svo kíkir maður öðru hvoru á Facebook eins og Íslendingi sámir.

Hvað gerir þú í frístundum þínum? Um daginn fór ég annað árið í röð í Vasaloppet sem er 90 kílómetra skíðaganga og mikil upplifun. Hjólaðella er líklega aðaláhugamálið og nokkuð tímabætt. Við fjölskyldan erum dugleg að fara á skíði eftir vinnu og um helgar. Við ferðudumst töluvert innanlands þegar strákarnir okkar voru yngri og nú gefast fleiri tækifæri til að fara til útlanda í fríum. Þá er gaman að komast öðru hvoru í stangveiði á sumrin. Ég er líka mikill græjukall og hef gaman af því að stúdera alls kyns „nauðsynlegan“ nútímaóþarfa í frístundum.

Hvernig heldur þú þér í formi? Hjólreiðar og gönguskiði eru fin leið til þess. Um helgina hjólaði ég



Árni Stefánsson, forstjóri Húsasmiðjunnar. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

70 kílómetra úti í rokinu og sunnudagsmorguninn byrjaði snemma á 60 kílómetra inniæfingu á smarttrainer. Í fyrra hjólaði ég rúmlega 5.000 km sem er fin brennsla, sérstaklega þar sem ég er 193 cm á hæð og lítið fyrir það að fara hægt. Svo spila ég badminton og fer nokkuð reglulega í ræktina.

Hvernig tónlist hlustar þú á? Coldplay er í sérstöku uppáhaldi hjá mér og Nýdönsk er í hávegum höfð á heimilinu. Á hjólatrainernum vil ég

helst hafa hraðan takt og á þeim laga-listum er alls kyns konfekt frá ekki minni spámönnum en David Guetta, Muse, Pitbull, Flo Rida og Rihönnu.

Ertu í þínu draumastarfi? Ég er í krefjandi starfi sem kallar á mikið frumkvæði og býður upp á fjölda spennandi verkefna. Ég vinn með frábæru samstarfsfólki og á þess kost að vera töluvert á ferðinni sem er frábært. Þá er starfið vel launað sem er auðvitað viðbótarkostur. Líklega er þetta draumastarf.



Ný A3 prentaralína frá HP

Slakaðu á

Láttu okkur sjá um prentreksturinn

HP PageWide Pro

Prentrekstrarlausnir fyrir bæði stór og smá fyrirtæki

Opin kerfi getur séð um allan rekstur prentumhverfisins sem inniheldur m.a. HP PageWide Pro prentara, rekstrarvöru og alla þjónustu ásamt vöktun sem tryggir að pappír og blek er sent þegar lágmarksstöðu er náð. Fyrir þessa þjónustu og alla rekstrarvöru er greitt fast blaðsíðuverð* á samningstímanum.

Ný PageWide prenttækni frá HP tryggir:

- Hraðvirkari útprentun, allt að 70 bls. á mínútu.
- Ódýrari rekstur, minni bilanatíðni.
- Öruggeri prentun með HP JetAdvantage.
- Umhverfsvænni prentun með betri nýtingu.
- Auðveldari áætlunargerð og kostnaðareftirlit.

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is/prentrekstur

*Blaðsíðuverð fer eftir samsetningu samnings og tekur breytingum eftir lengd samnings og hvaða búnað hann inniheldur.



Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

Skotsilfur



Óvissa hjá NSA

Huld Magnúsdóttir var í síðustu viku valin hæfust úr hópi 57 umsækjenda um starf framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins (NSA). Hún tekur við af Helgu Valfells sem sagði upp í desember í fyrra ásamt tveimur öðrum starfsmönnum NSA og stofnuðu þær þrjár sjóðinn Crowberry Capital. Samkvæmt heimildum Markaðarins er útlit fyrir enn frekari breytingar á starfsmannahópi NSA sem taldi ekki nema sex manns áður en starfsmennirnir þrír sögðu upp. Ástæðuna megi rekja til óánægju með þá óvissu sem hafi fylgt mannbreytingunum öllum.



Bitlingum útbýtt

Ólafur Þór Ólafsson, forseti bæjarstjórnar Sandgerðis og varaþingmaður Samfylkingarinnar, og Margrét Guðmundsdóttir, stjórnarformaður N1, voru kjörin ný inn í fimm manna stjórn ríkisfyrirtækisins Isavia á aðalfundi þess 23. mars.



Helga Sigrún Harðardóttir, framkvæmdastjóri þingflokks Bjartrar framtiðar, þáði þá einnig bitling fyrir sín störf fyrir flokkinn þegar hún tók sæti Theódóru Þorsteinsdóttur, þingmanns Bjartrar framtiðar. Þá voru þær Heiða Kristín Helgadóttir, einn af stofnendum Bjartrar framtiðar, sem lýsti yfir stuðningi við Viðreisn fyrir kosningarnar í haust, kjörin í varastjórn ásamt Margréti Kristínu Helgadóttur, frambjóðanda Bjartrar framtiðar í Norðausturkjördæmi. Ingvaldur Sæmundsdóttir, fyrrverandi aðstoðarkona Sigurðar Inga í Framsókn, var einnig kjörin í varastjórn.

Unnur Gunnars segir pass

Athygli hefur vakið hversu lítið hefur sést til **Unnar Gunnarsdóttur**, forstjóra Fjármálaeftirlitsins (FME), síðan fregnir bárust af kaupum þriggja vogunarsjóða og Goldman Sachs í Arion banka. Er þar um að ræða eitt umdeildasta málið sem komið hefur inn á borð FME frá hrúni. Fulltrúar stofnunarinnar mættu fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis í síðasta mánuði til að ræða söluna. Unnur var þá fjárfri góðu gagni og sendi Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóra FME, í sinn stað á fundinn.



Stórt flugskýli undir nýliðana



Um 1.600 nýir starfsmenn Japan Airlines sjást hér hneigja sig þegar ædstu stjórnendur fyrirtækisins gengu inn í stórt flugskýli á Haneda-flugvelli í Tókýó á mánudag. Stjórnendurnir voru þangað komnir til að hitta nýliðana á fyrsta degi nýs reikningsárs Japana. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Það væri hræðileg hugmynd að festa krónuna við evru



Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Í viðtali við Financial Times um helgina gaf Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra í skyn að það gæti verið góð hugmynd að festa krónuna við evru. Það er ekkert leyndarmál að ég er ekki aðdáandi fastgengis og ég tel sannarlega að það væri misráðið að festa gengi íslensku krónunnar við evruna.

Árið 2015 talaði ég á ráðstefnu í Reykjavík um stjórnun peningamála á Íslandi eftir afnám gjaldreyrishafta. Í ræðu minni lagði ég fram nokkra kosti fyrir Ísland og

ég hef einnig, í nokkrum greinum í þessu blaði, rætt um hugsanlega valkosti aðra en núverandi stjórnun.

Eðlislægur óstöðugleiki

Hver eru svo réttu viðmiðin til að velja fyrirkomulag peningamála? Í fyrsta lagi tel ég að stjórnun peningamála ætti að vera „hlutlaus“ að því leyti að hún ætti ekki að skekkja nýtingu gæða í hagkerfinu. Í öðru lagi ætti stjórnun peningamála að vera þannig að fjárfestar, neytendur og stjórnvöld skilji hana, auk þess að vera fyrirsjáanleg og gegnsæ. Í þriðja lagi ætti hún að byggjast á reglum frekar en að hún sé valkvæð þannig að hún sé laus við afskipti hagsmunahópa og stjórnmalanna.

Fastgengisstefna getur uppfyllt annað og þriðja viðmiðið – alveg eins og núverandi fyrirkomulag gæti gert. Það er hins vegar mjög ólíklegt að fastgengi – sérstaklega ef krónan er fest við evruna – myndi skapa meiri almennan stöðugleika en núverandi fyrirkomulag.

Aðalástæðan fyrir óstöðugleik-

Ísland hefði endað eins og Grikkland ef gengið hefði ekki verið sveigjanlegt.

anum í íslensku efnahagslífi er samspil þriggja þátta. Í fyrsta lagi verður íslenska hagkerfið eðli málsins samkvæmt fyrir mörgum hnykkjum – breytingum á fiskverði, orku- og álverði, og breytingum á fjölda ferðamanna. Í öðru lagi veldur húsnæðislánakerfið sjálft óstöðugleika þar sem afborganir eru tengdar verðbólgu. Í þriðja lagi er það sjálf stjórnun peningamála.

Það er lítið hægt að gera við „náttúrulegu hnykkjunum“. Fiskverð er óstöðugt, þannig er það bara. Og það sama á við um orku- og álverð. En við gætum gert eitthvað út af húsnæðislánakerfinu og hér hef ég lengi haldið því fram að það ætti að breyta því þannig að afborganir

lána væru tengdar hækkun nafnlauna í stað verðbólgu.

Ekki festa við evru

Varðandi stjórn peningamála þá held ég að margir Íslendingar rugli oft saman áhrifum „náttúrulegra hnykkja“ og hnykkja vegna gengisbreytinga. Það góða við fljótandi gengi er að gengið dempar hnykkina í hagkerfinu og dregur þannig úr áhrifum þeirra á hagkerfið.

Ef Ísland hefði verið með fastgengi 2008 hefði uppsveiflan verið stærri en kreppan hefði orðið mun dýpri. Ísland hefði endað eins og Grikkland ef gengið hefði ekki verið sveigjanlegt.

Og að lokum: Gagnstætt því sem Benedikt Jóhannesson heldur fram þá er það þannig að ef festa gengi krónunnar ætti ekki að festa hana við evru heldur við gjaldmiðil – eða myntkörfu – sem verður gjarnan fyrir sömu útlutningshnykkjum og Ísland. Bestu kostirnir hérna væru aðrir „auðlindagjaldmiðlar“ eins og kanadíski dollarinn, norska krónan eða nýsjalenski dollarinn.

Sófasérfræðingar og gráðugir úlfar



Hin hliðin

Eva Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Podium og FANTOMA, og FKA-félagsskona

Blandaður kór ferðamennskunnar syngur sama lagið í ár eins og undanfarin ár – ferðamanna-það-er-ekki-verið-að-gera-neitt-sónötuna. Sófasérfræðingar ræða ferðamálin á kaffistofunum og þrennt hefur borðið hæst í umræðunni: ríkið gerir

ekki neitt, ferðamenn eru kjánar sem fara sér að vöðva og þeir eru alltof margir. Það má þó ekki gleymast að ferðaþjónustan hefur verið skipulögð frá grunni á afar stuttum tíma og milljörðum verið varið til uppbyggingar. Nýleg staða sem bendir til að virðisaukaskattsþrep ferðaþjónustunnar verði hækkad tekur þó alla orkuna núna.

Í hringiðu hinnar neikvæðu umræðu hefur frumkvæði og hugmyndaaugi okkar Íslendinga blómstrað og upp hafa sprottið fyrirtæki sem skipuleggja ævin-


týralandið okkar með ferðum, afþreyingu og öllu því sem getur glatt ferðalanga sem rata hingað á hjara veraldar. Áhrifanna gættir víða. Brothættar byggðir blómstra, leikskólar halda stöð og vinna er næg fyrir þá sem vilja vinna. Í fréttaflutningi undanfarinna ára er þó ekki að finna margar fréttir um hin jákvæðu áhrif; hestabúgarða, nýja spennandi gististaði, hvalaskoðun með rafbátum, lifrænan mat, fé á fjalli, lax og silung úr vötnum.

Um 70% Íslendinga telja ferðamenn of marga en til upprifjunar þá

er Ísland um 103.000 km² að stærð, önnur stærsta eyja í Evrópu á eftir Bretlandi. Við erum bara í kringum 350 þúsund – að það sé ekki nóg pláss fyrir okkur öll er svölitið fjarstæðukennt. Peningar ferðamanna hafa góð áhrif á þjóðarþúið en ef viðhorf og verðlag heldur áfram sem horfir munu ferðamennirnir halda á önnur mið á meðan við rifumst um það hvort þeir eru of fáir eða of margir. Dæmi um græðgi er djúpur sem nú heita lundaegg og kosta 930 krónur á meðan venjulegur djúpur kostar um 300 krónur annars staðar.

Í landi tækifæranna þurfum við að halda áfram að koma innra skipulagi í gott horf með sjálfbærni að leiðarljósi þannig að upplifun gesta verði jákvæð og þeir komi aftur. Gæði og verðlag þurfa að halda stöð og hendir því margföldunaráhrif jákvæðra gesta á ímynd Íslands skila sér margfalt til baka. Með hækkandi sól mæta ferðamennirnir okkur; horfum á jákvæðu áhrifin sem þeir hafa haft á þjóðarþúið – nýtum tækifærin en nýtum þau til góðs en ekki til græðgi.

AVIS með hagstæðustu kjörin af öllum bílaleigum í útboði Ríkiskaupa



Sama þjónusta – eins bílar – miklu betra verð

VIÐ
GERUM
BETUR

Avis býður opinberum fyrirtækjum **hagstæðustu kjörin** af bílaleigubjónustu og átti **lágsta tilboðið** af öllum þeim bílaleigum sem tóku þátt í útboði Ríkiskaupa.

Við erum stolt af því að geta boðið okkar viðskiptavinum góð kjör og framúrskarandi þjónustu. Kynntu þér málið á avis.is.

Stjórnar- maðurinn



@stjornarmadur

Kunnugleg meðul

Krónan gamla er nú með allra sterkasta móti og raunar kannski ekki teikn um annað en hún haldi áfram að styrkjast til skamms tíma. Á Íslandi ríkir meiri hagvöxtur en í flestum ef ekki öllum samanburðarlöndum, skuldsetning ríkissjóðs er lítil og fer minnkandi og ferðamenn halda áfram að streyma til landsins.

Seðlabankinn hefur staðið í miklum og fordæmalausum gjaldeyriskaupum til að stemma stigu við styrkingu krónunnar. Ríkisstjórnin hefur heldur ekki látið sitt eftir liggja: fjármagnshöft hafa verið afnumin og auknar álögur boðaðar á ferðamannaíðnaðinn. Fjármálaráðherra hefur meira að segja látið hafa eftir sér að lífeyrissjóðunum verði gert að fjárfesta erlendis í auknum mæli með hreinu valdboði. Allt hefur hins vegar komið fyrir ekki.

Á meðan heyrir gamalkunnugt harmakvein frá útgerðinni. HB Grandi hótar að hætta framleiðslu á Akranesi og bæjarstjórnin telur að lausnin sé að Reykvikingar og aðrir eigendur Faxaflóahafna niðurgreiði starfseminna. Framkvæmdastjóri hagsmunasamtaka útgerðarinnar telur að svo geti farið að útgerðirnar neyðist til að flytja vinnsluna úr landi – þótt svo virðist raunar sem lög girði fyrir slíkar hrökeringar.

Útgerðin hefur þó sem fyrr ekki yfirsýn til að benda á hið raunverulega vandamál – gjaldmiðilinn. Krónan hefur svo lengi sem elstu menn muna sveiflast ótæpilega og gert það allt að því ómögulegt að gera áætlanir til lengri tíma. Útgerðin hefur alltaf tekið ávinninginn sem fylgir veikri krónu og stungið honum í vasann, þegar krónan styrkist hefur svo verið treyst á að vinveitt stjórnvöld felli gengið.

Fjármálaráðherra má hins vegar eiga það, ólíkt frænda sínum í forsætisráðuneytinu, að hann lokar ekki augunum fyrir þeim ókostum sem fylgja krónunni. Hann hefur á síðustu dögum mælt fyrir því að Íslendingar taki upp annan gjaldmiðil, t.d. evru eða sterlingspund. Hugmyndir flokks hans, Viðreisnar, um myntrað eru sömuleiðis góðra gjalda verðar.

Sterk króna hefur það einfaldlega í för með sér að erfitt verður fyrir íslenska framleiðslu að standast alþjóðlega samkeppni. Til þess verður hún of dýr. Varanlega sterk króna gæti þýtt að eðlilegt skref væri að flytja framleiðslu úr landi.

Réttast væri fyrir sjávarútveginn að taka fjármálaráðherra til fyrirmyndar og horfa til varanlegra lausna á gjaldmiðilsklípu okkar Íslendinga, frekar en að hengja sig á gamaldags skammtímalausnir sem að endingu kosta almenning í landinu bæði lífskjör og beinhart skattfé.

Sigurður Óli til Stefnis



Sigurður Óli Hákonarson, sem hefur starfað í fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka undanfarnin ár, hefur sagt upp störfum hjá bankanum og ráðið sig til sjóðastýringar-

fyrirtækisins Stefnis, dótturfélags Arion banka, samkvæmt upplýsingum Markaðarins.

Sigurður Óli hefur starfað á fjármálamarkaði um langt árabíl og var meðal annars framkvæmdastjóri Landsvaka, dótturfélags Landsbanka Íslands, á árunum 2004 til 2004. Þar áður starfaði hann sem framkvæmdastjóri Fjárfestingasjóðs Búnaðarbankans. – hae

4.4.2017

Ég er einfaldlega að koma inn í öflugan eigendahóp, þetta er ákveðin endurnýjun.

Eyþór Arnalds, fjárfestir og nýr hluthafi í útgáfufélagi Morgunblaðsins.




Reynsla á erlendum mörkuðum


Stefnir hefur stýrt erlendum verðbréfasjóðum samfelt í um tvo áratugi.

Kynntu þér úrval sjóða Stefnis á www.arionbanki.is/erlendirsjodir

 Arion banki
– fyrir framtíðina



Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um árangur í framtíð. Fjárfestingum í fjármálagæringum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta, svo sem hætta á að ekki verðu um neina ávöxtun að ræða eða að höfuðstóll tapist. Þá er vakin athygli á að ávöxtun getur aukist eða minnkað vegna gengisflöktis gjaldmiðla. Í útbóðslýsingum og lykluupplýsingum hvers sjóðs er að finna nánari upplýsingar um sjóðinn, m.a. um áhættu og hvort umræddur sjóður telst verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður. Arion banki er helsti söluaðili sjóða Stefnis hf. sem er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki skv. lögum nr.161/2002 um fjármálafyrirtæki. Stefnir hf. rekur verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði skv. lögum nr.128/2011. Stefnir hf. er dótturfélag Arion banka.



Mazda bílar eru hannaðir af ástríðu, hvert einasta smáatriði vel ígrundað og úthugsað. Hönnuðir Mazda leggja hjarta sitt og sál í að hanna bíla sem uppfylla ströngustu kröfur þínar um þægindi, akstursupplifun, gæði og öryggi.

ELSKAÐU AÐ KEYRA



MAZDA 2



Brimborg

Bíldshöfða 8
110 Reykjavík

S. 515 7000

Tryggvabraut 5
600 Akureyri

S. 515 7050

mazda.is



Ásbjörn Friðriksson, fyrirlíði FH, lyftir hér bikarum í Kaplakrika í gærkvöldi. Gleðin var svo sannarlega við völd. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

Löng bið FH-inga á enda

FH er deildarmeistari í Olis-deild karla. Fyrsti deildarmeistaratitill félagsins í heil 25 ár. Akureyri handboltafélag varð að bíta í það súra epli að falla úr deildinni eftir lífsbaráttuslag gegn Stjörnunni.

HANDBOLTI FH tryggði sér sinn fyrsta deildarmeistaratitil í aldarfjórðung með sex marka sigri, 28-22, á Selfossi í Kaplakrika. Lokaumferðin var æsispennandi og litlu mátti muna að Stjarnan hefði ekki bara bjargað sér frá falli heldur einnig komist í úrslitakeppnina.

Fram var spáð afleitu gengi í vetur en liðið gerði sér lítið fyrir og tók sjötta sætið í deildinni. Algjörlega magnað afrek eftir allt sem á undan var gengið fyrir tímabilið hjá Safa- myrarliðinu.

Haukarnir unnu dramatískan sigur á Aftureldingu með marki undir lokin og Eyjamenn komu til baka gegn Valsmönnum eftir að hafa verið um tíma heilum sex mörkum á eftir Hlíðarendamönnum.

Eyjamenn koma því ansi heitir í úrslitakeppnina en þeir hafa verið að valta yfir andstæðinga sína en lentu á smá vegg gegn Valsmönnum í gær.

Erfitt en hafðist hjá FH

FH-ingar spiluðu ekki vel í fyrri hálfleik og gátu í raun þakkað Ágústi Elí

Björgvinssyni, markverði sínum, fyrir að stadan var jöfn í hálfleik, 12-12.

Í seinni hálfleik sýndu FH-ingar klærnar og náðu góðu forskoti sem þeir létu ekki af hendi.

„Við töluðum um að þetta væri hægt en vissum að það þyrfti ansi margt að ganga upp,“ sagði Halldór Sigfússon, þjálfari FH, aðspurður hvort hann hefði gert ráð fyrir að verða deildarmeistari fyrir tímabilið. „Við lentum í smá meislavandræðum á kafla en við stöndum samt uppi sem deildarmeistarar og mér finnst það gríðarlegt afrek.“

En getur FH farið alla leið og orðið Íslandsmeistari? „Ef við getum orðið deildarmeistarar getum við svo sannarlega orðið Íslandsmeistarar. Það er ekki spurning. En núna byrjar bara ný keppni. Við fögnum vel en svo byrjar bara undirbúningur fyrir framhaldið,“ sagði Halldór sigurreifur.

Vantaði herslumuninn

Þau voru ansi þung skrefin hjá

Akureyringum eftir tapið fyrir Stjörnunni. Þetta var hreinn úrslitaleikur um sæti í Olis-deildinni að ári og ljóst að það verður ekkert lið frá Akureyri í deild þeirra bestu næsta vetur.

„Það er rosalega erfitt að taka þessu, við vissum hvað við þurftum að gera í þessum fallbaráttuslag en það gekk bara ekki upp,“ sagði varnartróllið og þjálfari Akureyringa, Sverre Andreas Jakobsson, súr og svektur eftir leikinn.

„Það vantaði þennan herslumun á öllum sviðum vallarins í dag eins og oft áður í vetur. Við reyndum og reyndum og það er súrt að enda þetta á tapi,“ sagði Sverre sem sagði skóna á leiðina á hilluna.

„Ég er í það minnsta hættur. Ég held reyndar að þetta sé í þriðja skiptið en ég mun einbeita mér að uppbyggingu liðsins næsta vetur þess í stað. Þetta verður krefjandi verkefni enda margir á förum en við förum með það að markmiði inn í næsta tímabil.“ – íþs, kpt

Nýjast

Domino's-deild karla

Grindavík - Stjarnan 94-84

Grindavík: Lewis Clinch Jr. 22/5 fráköst, Þorleifur Ólafsson 21/10 fráköst, Ólafur Ólafsson 15/10 fráköst, Dagur Kár Jónsson 13/5 fráköst/6 stoðsendingar, Ingvi Þór Guðmundsson 9, Ómar Örn Sævarsson 8/8 fráköst, Þorsteinn Finnbogason 6. Stjarnan: Hlynur Elías Bæringsson 32/13 fráköst, Justin Shouse 17/5 fráköst/5 stoðsendingar, Anthony Odunsi 14/6 fráköst, Eysteinn Bjarni Ævarsson 6/4 fráköst, Arnþór Freyr Guðmundsson 5, Tómas Heiðar Tómasson 4/4 fráköst, Marvín Valdimarsson 4/4 fráköst, Tómas Þórður Hilmarsson 2

Staðan í einvignu er 2-0 fyrir Grindavík.

Olis-deild karla

